



# Raddir barna í leikskóla

Reynsla leikskólakennara af því að vinna með Barnasáttmálann

Eva Baldursdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs

Deild menntunar og margbreytileika



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
MENNTAVÍSINDASVIÐ



## **Raddir barna í leikskóla**

***Reynsla leikskólakennara af því að vinna með Barnasáttmálann***

Eva Baldursdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs í uppeldis- og menntunarfræði

Leiðbeinandi: Ólafur Páll Jónsson

Deild menntunar og margbreytileika

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2021

Raddir barna í leikskóla

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til BA-prófs  
í uppeldis- og menntunarfræði við deild menntunar og margbreytileika,  
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© Eva Baldursdóttir 2021

Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

## Ágrip

Í þessari ritgerð er fjallað um raddir barna og þátttöku þeirra í leikskólastarfi. Skoðað er hvernig efla má raddir barna inni á leikskólanum en til þess að þær heyrist þarf að hlusta á skoðanir barna og leyfa þeim að hafa áhrif. Viðfangsefnið er skoðað út frá 12. grein Barnasáttmálans sem segir að börn hafi rétt á því að tjá sig frjálst um öll þau málefni sem þau varða og bera skuli virðingu fyrir skoðunum þeirra. Tilgangur rannsóknarinnar er að skoða hvernig hægt sé að nota Barnasáttmálann í þeim tilgangi að efla raddir barna í leikskólastarfi og hvers vegna það telst mikilvægt börn læri að nota rödd sína snemma á leikskólaaldri. Tekin voru viðtöl við þrjú leikskólafólk sem hafa reynslu af því að vinna með Barnasáttmálann í sínu starfi. Í umræðum eru viðtölin skoðuð í ljósi fyrrum rannsókna og kenninga um þátttöku barna. Niðurstöður benda til þess að ef börn læra snemma að nota rödd sína getur það styrkt sjálfstraust þeirra, samskiptahæfni og hæfni við að leysa úr ágreiningi. Hægt er að nota Barnasáttmálann sem verkfæri til þess að skapa umræður milli leikskólakennara og kynna þeim fyrir mikilvægi þess að hlusta á sjónarmið barna. Ef leikskólakennarar eru meðvitaðir um að hlusta á sjónarmið barna getur það styrkt samband þeirra við börn í daglegu leikskólastarfi.

## Efnisyfirlit

<b>Ágrip</b> .....	<b>3</b>
<b>Formáli</b> .....	<b>5</b>
<b>1 Inngangur</b> .....	<b>6</b>
<b>2 Barnasáttmálinn</b> .....	<b>8</b>
2.1 Saga.....	8
2.2 Virðing fyrir skoðunum barna.....	9
2.3 Réttindi barna á Íslandi.....	10
<b>3 Þátttaka barna</b> .....	<b>12</b>
3.1 Þátttaka í lýðræði .....	12
3.2 Raddir barna .....	13
3.3 Þátttaka í leikskólastarfi .....	15
3.4 Þátttökustigar .....	16
3.5 Hver er ávinningurinn? .....	19
<b>4 Aðferð</b> .....	<b>21</b>
<b>5 Niðurstöður</b> .....	<b>23</b>
5.1 Barnasáttmálinn sem verkfæri .....	23
5.2 Hlutverk kennara .....	24
5.3 Að leyfa börnum að hafa áhrif.....	25
5.4 Sjálfstæðari og sterkari einstaklingar .....	27
<b>6 Umræður</b> .....	<b>29</b>
<b>Heimildaskrá</b> .....	<b>33</b>

## Formáli

Réttindi barna hafa lengi verið mér hugleikin og ég vissi því snemma á námsleiðinni að ég myndi vilja fjalla um þau í lokaverkefni mínu. Sjálf hef ég unnið með ungum börnum og hef tekið eftir því að þau hafa flest öll skoðanir á sínum málefnum ef þeim eru gefin tækifæri til að tjá sig um þau. Ég hef kynnt mér starf UNICEF á Íslandi og hef sérstaklega tekið eftir verkefni þeirra um Réttindaskóla. Þegar ég komst að því að þau eru byrjuð að innleiða verkefnið í leikskóla þá vissi ég að ég vildi skoða það nánar í lokaverkefninu. Eftir mikla ígrundun var niðurstaða mín sú að skoða hvernig hægt er að nota Barnasáttmálann í leikskólastarfi og einbeita mér sérstaklega á 12. grein hans sem segir að bera skuli virðingu fyrir skoðunum barna.

Ég vil byrja á því að þakka leiðbeinanda mínum, Ólafi Páli Jónssyni, fyrir stuðninginn og góðar ábendingar. Einnig vil ég þakka fjölskyldu minni og vinum fyrir að vera til í að spjalla við mig um málefnið því það hefur einungis styrkt skoðanir mínar og aukið áhugann. Auk þess vil ég þakka starfsmönnum UNICEF á Íslandi sem hjálpuðu mér að finna viðmælendur og gáfu mér góðar ábendingar og hugmyndir. Að lokum vil ég þakka viðmælendum mínum sem allar voru tilbúnar til að deila reynslu sinni.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirritaðri. Ég hef kynnt mér *Síðareglur Háskóla Íslands* (2003, 7. nóvember, <http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Ég *vísá til alls efnis sem* ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, 12. maí 2021

Eva Baldursdóttir

## 1 Inngangur

Þeir sem þekkja ung börn tengja líklega við það að þau séu sniðug, skemmtileg og segja ýmislegt sem kemur manni á óvart. Margt sem þau segja er hægt að afgreiða sem rugl og vitleysu, eitthvað sem kemur beint úr ímyndunarafli þeirra og fullorðnir taka því ekki mark á þeim. Það er þó ekki alltaf þannig. Börn vita best hvað er í gangi í þeirra lífi og hvernig þeim líður (Clark og Moss, 2011). Þó svo að fullorðið fólk hafi eitt sinn verið börn og hafi minningar frá því þá eru börn jafn ólík okkur og hver önnur manneskja. Eina leiðin til þess að skilja sjónarhorn barna er að hlusta á raddir þeirra og taka alvarlega það sem þau hafa að segja.

Þegar talað er um raddir barna og hvernig hægt er að efla þær er hægt að túlka það með ýmsum hætti. Hér er ekki verið að athuga hversu sterka rödd börn eru með heldur er átt við það sem leynist í orðum þeirra og hegðun. Í þessari ritgerð verður hugtakið notað yfir væntingar barna, reynslu þeirra og skoðanir, sem einungis er hægt að skilja með því að hlusta á börn, fylgjast með hegðun þeirra og spyrja þau spjörunum úr (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2012).

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins er mannréttindayfirlýsing sem er sérhönnuð fyrir börn og þekkist betur undir nafninu *Barnasáttmálinn*. Í honum eru 54 greinar sem segja til um hver réttindi barna eru í hinum ýmsu málum (lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013). Þegar horft er til ákvarðanatöku í málefnum sem varða börn er eðlilegt að líta á foreldrana sem ábyrgðarmenn. Sem er að hluta til rétt, foreldrum ber skylda til að annast barn sitt, sýna því umhyggju og gegna forsjár- og uppeldisskyldum sínum (Barnalög nr. 76/2003). Hins vegar þýðir það ekki að foreldrar hafi rétt á því að taka endanlegar ákvarðanir um líf barns án þess að taka skoðanir barnsins til umhugsunar en um það fjallar einmitt 12. grein Barnasáttmálans. Sú grein segir að börn eigi rétt á því að tjá sig frjállega um öll málefni sem þau varða og fullorðnir eiga að taka tillit til skoðana þeirra (lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013). Önnur grein í sáttmálanum kveður á um að stjórnvöldum beri skylda til að fræða börn og fullorðna um Barnasáttmálann og því hefur hann einnig verið gefinn út á barnvænu máli þar sem hægt er að nálgast greinarnar á skýran og myndrænan hátt (Barnasáttmáli, e.d.). Hins vegar er tilgangslaust að gefa hann út á barnvænu tungumáli ef börn fá aldrei að heyra um hann. Því er mikilvægt að aðstandendur barna séu meðvitaðir um að fræða börn um sáttmálann.

Það er ekki einungis réttur barna að hafa áhrif á umhverfi sitt og tjá sínar skoðanir um málefnið, heldur er það einnig mikilvægt fyrir þróun lýðræðisvitundar þeirra (Sheridan og Pramling Samuelsson, 2001). Ísland er lýðræðisríki og til þess að lýðræði gangi upp þarf fólk að þekkja sín réttindi og skyldur sem borgari í lýðræðislegu samfélagi en samkvæmt



Aðalnámskrá leikskóla (2011) er lýðræði og mannréttindi einn af grunnþáttum menntunar. Þetta sýnir að lögð er áhersla á lýðræðislega menntun barna. Leikskólinn er fyrsta skólastig í íslensku skólakerfi (lög um leikskóla nr. 90/2008) og því er það tilvalinn tími til þess að byrja að efla lýðræðisvitund barna og kenna þeim að nota rödd sína.

Mikilvægt er að börn læri að nota rödd sína og þekki réttindi sín til þess að tjá sig og koma skoðunum sínum á framfæri. Markmið rannsóknarinnar er að skoða hvernig hægt er að nota Barnasáttmálann í leikskólastarfi til að ná þessum markmiðum. Skoðuð er reynsla leikskólakennara af því að nota sáttmálann, hvernig hann er notaður og hvers vegna það er mikilvægt að vera meðvitaður um réttindi barna. Tekin voru viðtöl við þrjá leikskólastarfsmenn sem hafa reynslu af því að vinna með Barnasáttmálann í sínu starfi. Viðtölin verða notuð til þess að leita svara við rannsóknarspurningunum tveim: *Hvernig má nota 12. grein Barnasáttmálans í leikskólastarfi í þeim tilgangi að efla raddir barna? Hvers vegna er mikilvægt að börn læri snemma að nota rödd sína?*

## 2 Barnasáttmálinn

Í þessum kafla verður fjallað um Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barns sem þekkist betur undir nafninu *Barnasáttmálinn*. Mannréttindasáttmáli Evrópu skilgreinir tiltekin grundvallarréttindi sem varða allar manneskjur jafnt, þar með talin börn. En þar sem börn eru valdaminni en þeir fullorðnu, eru viðkvæmari og berskjaldaðri gagnvart misnotkun, þarf sér sáttmála fyrir þau til þess að hægt sé að standa vörð um réttindi þeirra (Þórhildur Líndal, 2007). Eitt helsta markmið Barnasáttmálans er að efla börn til að verða upplýstir og ábyrgir einstaklingar (Umboðsmaður Barna, 2004). Hér á eftir verður fyrst fjallað um sögu Barnasáttmálans, síðan greint sérstaklega frá 12. grein sáttmálans sem segir að bera skuli virðingu fyrir skoðunum barna og að lokum verður talað um stöðu barna á Íslandi í dag og Réttindaskóla UNICEF.

### 2.1 Saga

Aðdraganda Barnasáttmálans má rekja til ársins 1924 þegar *Genfaryfirlýsingin* var samþykkt af Þjóðabandalaginu. Þetta var í fyrsta sinn sem hugað var að réttindum barna á alþjóðavettvangi. Þó voru markmið yfirlýsingarinnar töluvert frábrugðin markmiðum Barnasáttmálans þar sem börnin sjálf voru ekki talin hafa réttindin, heldur var lögð áhersla á að það þyrfti að vernda þau (United Nations, 2007). Yfirlýsingin var ekki lagalega bindandi en hafði þó mikla þýðingu fyrir komandi hugmyndir um réttindi barna. Í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar var talið nauðsynlegt að uppfæra yfirlýsinguna þar sem mörg börn fóru illa út úr stríðinu og þurfti því að sjá til þess að réttindi barna næðu til allra barna óháð þjóðerni, trúarskoðunum og uppruna (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, e.d.). Árið 1959 kom víðtækari og ýtarlegri yfirlýsing frá Sameinuðu þjóðunum um réttindi barna sem var byggð á Genfaryfirlýsingunni, hún var þó ekki bundin lögum (Þórhildur, 2007). Það var ekki fyrr en árið 1989 sem Barnasáttmálinn var lagður fyrir allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna í þeim tilgangi að gera hann að formlegum mannréttindasáttmála fyrir börn og með honum voru réttindi barna í fyrsta sinn leidd í alþjóðalög (Þórhildur, 2007). Barnasáttmálinn var undirritaður hér á landi þann 26. janúar árið 1990, einungis um tveimur mánuðum eftir undirritun Sameinuðu þjóðanna. Samningurinn var fullgiltur 28. október 1992 en öðlaðist formlegt gildi 27. nóvember sama ár (Þórhildur, 2007). Sáttmálinn var að lokum lögfestur í heild sinni á Íslandi þann 13. mars 2013 (Lög um samning sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013).

Barnasáttmálinn lýsir vel nýrri sýn til barna. Áður fyrr var ekki litið á þau sem mikilvæga einstaklinga í samfélaginu (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2008) en Barnasáttmálinn endurspeglar nýja sýn á börn og hvernig koma skal fram við þau. Hann einblínir ekki einungis á það að börn eigi rétt á umhyggja og vernd, heldur leggur áherslu á að koma skuli fram við börn sem sjálfstæða einstaklinga með réttindi og ábyrgð (Þórhildur, 2007).

Sumar greinar í Barnasáttmálanum ná eingöngu til barna en í honum eru einnig margar greinar sem teknar eru beint úr mannréttindasáttmálanum. Það gæti virst óþarfi að hafa þær í báðum sáttmálum, þar sem mannréttindasáttmálinn á við alla, þar á meðal börn. Þetta er gert vegna þess að nauðsynlegt er að taka þær skýrt og greinilega fram þar sem börn eru viðkvæmari fyrir því að brotið sé á réttindum þeirra (Bentley, 2006).

## 2.2 Virðing fyrir skoðunum barna

Barnasáttmálinn samanstendur af fjölmörgum greinum sem eru allar mikilvægar. Það er því erfitt að velja hvort einhverjar þeirra séu nauðsynlegri en aðrar en Barnaréttarnefnd flokkaði allar greinar Barnasáttmálans og valdi fjórar af þeim sem almennar grundvallarreglur, það eru 2., 3., 6. og 12. grein (Þórhildur, 2007). 2. grein segir að engu barni skuli mismunað, 3. grein segir að hagsmunir barnsins skuli alltaf hafa forgang í málum sem það varðar, 6. grein segir að hvert barn eigi skilyrðislausan rétt til lífs, afkomu og þroska og sú síðasta er 12. greinin sem skiptist í tvær málsgreinar:

1. Aðildarríki skulu tryggja barni sem myndað hefur skoðanir rétt til að láta þær frjálsglega í ljós í öllum málum sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska.
2. Vegna þessa skal barni einkum veitt tækifæri til að tjá sig við hverja þá málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi sem barnið varðar, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu talsmanns eða viðeigandi stofnunar, á þann hátt sem samræmist reglum í lögum um málsmeðferð.

Barnaréttarnefnd hefur lengi langt mikla áherslu á 12. grein sáttmálans því hún dregur skýrt fram mikilvægi þess að gerð sé grein fyrir því að barn er sjálfstæður einstaklingur með mannréttindi og á skilið að borin sé virðing fyrir því og ákvörðunum þess (Þórhildur, 2007). Greinin veitir börnum ekki sjálfsákvörðunarrétt, enda eru þau enn á ábyrgð foreldra sinna, en hún veitir þeim réttinn til þess að eiga aðild að ákvörðunum sem tengjast þeim og þeirra lífi (Þórhildur, 2007). Lundy (2007) nefnir að fram kemur í 12. grein Barnasáttmálans að börn eigi að fá að tjá sig um málefni sem þau varða, en hún spyr sig hverjir það séu sem fá að ákveða hvort tiltekið málefni komi lífi barna við. Hún telur að til þess að fylgja þessum lögum þyrfti að spyrja börnin fyrst hvort þau sjálf telji málefnið skipta sig máli því það er ekki undir þeim fullorðnu að ákveða það.

Ljóst er að börn geta myndað sér skoðun frá unga aldri. Til dæmis vita börn oft en ekki hvað þeim finnst gott að borða og hverjir mega halda á þeim. Fram kemur í 12. grein sáttmálans að verið er að tala um barn sem „myndað hefur eigin skoðanir“ en þá er vert að athuga hvað átt er við með því. Þórhildur (2007) segir þá skoðun að rétturinn ætti að takmarkast við ákveðinn lágmarks aldur fari þvert á greinina. Það er því ekki í höndum þeirra fullorðnu að dæma hvort börn hafi náð að mynda sér eigin skoðanir. Lundy (2007) bendir á að

réttur barna er ekki bundinn færni þeirra við að tjá viðhorf sitt á þroskaðan máta, heldur er hann bundinn í færni þeirra við að mynda viðhorf, hvort sem aðrir telja það vera á þroskaðan máta eða ekki.

Það er á ábyrgð fullorðinna að upplýsa börn um Barnasáttmálann. Bentley (2006) veltir því fyrir sér hvað það sé sem einkennir börn svo þau fái vörn gegn sumum hlutum en hafi rétt á öðrum. Börn eru á ábyrgð foreldra og forráðamanna þar sem þau hafa ekki sjálfsákvörðunarrétt, þau eru enn að þroskast og þurfa því að fá vernd og umönnun frá þeim fullorðnu. Þau eru samt einstaklingar sem eiga skilið sömu mannréttindi og hver annar. Þau hafa rétt á því að tjá sig um málefni sem þau varða en það er sá fullorðni sem þarf að taka endanlega ákvörðun og ber ábyrgð á henni (Líndal, 2007). Samkvæmt 12. greininni hafa börn rétt á að tjá sig um málefni sem þau varða en Barnaréttarnefndin á Íslandi lýsir áhyggjum sínum yfir því að börn séu ekki nægilega upplýst um hvernig þau geti tjáð sig og komið sínum skoðunum á framfæri (Þórhildur, 2007). Það þarf einnig að hafa í huga að börn þurfa að finna fyrir öryggi til þess að geta tjáð sig, það er mikilvægt að þau finnið fyrir því að hlustað sé á þau og að þau munu ekki fá skammir eða vera niðurlægð (Lundy, 2007).

### **2.3 Réttindi barna á Íslandi**

Þrátt fyrir að næstum öll lönd í heiminum hafi skrifað undir samninginn eru börn ennþá sá hópur sem er í mestri áhættu við að verða fyrir ofbeldi (Bentley, 2005). Ísland er talið öruggasta og friðsælasta land til að búa á (The Institute for Economics and Peace, 2020) en samt sem áður búa börn hér á landi enn við ofbeldi. Árið 2019 voru tilkynningar til Barnaverndarnefndar um 11 þúsund og fjöldi barnaverndarmála voru um 5.700 (Barnaverndarstofa, 2020). UNICEF á Íslandi (2013) gaf út skýrslu um þörfina fyrir forvarnir gegn ofbeldi á börnum hér á landi. Þar kemur fram að forvarnir gegn ofbeldi á börnum hafa að mestu verið drifnar af frjálsum félagasamtökum með litlum sem engum styrkjum frá hinu opinbera. Í sömu skýrslu telur UNICEF upp nokkrar tillögur um hvernig efla megi slíkar forvarnir og þar er minnst á fræðslu í gegnum menntakerfið. Þar kemur fram að skólar gegna lykilhlutverki í réttindafræðslu barna og auka því vitund þeirra um réttindi sín (UNICEF á Íslandi, 2013). Þar sem leikskólinn er fyrsta stig menntakerfisins á Íslandi (lög um leikskóla nr. 90/2008) þá er hann tilvalinn vettvangur til að byrja á forvarnarfræðslu og ágætt fyrsta skref er að kynna þeim réttindi sín.

Eitt verkefni hjá UNICEF á Íslandi gengur út á að innleiða Barnasáttmálann í skólastarf en það verkefni kallast Réttindaskólar. Upphaf réttindaskóla má rekja til ársins 2004 hjá UNICEF í Englandi og hefur síðan breiðst til fleiri landa. Til þess að fá viðurkenningu sem réttindaskóli þarf skólinn að nota Barnasáttmálann í skólastarfinu og vera virkur í að meta starf sitt (Sebba og Robinson, 2020). Fyrstu réttindaskólar UNICEF á Íslandi fengu formlega viðurkenningu árið

2017 og fram kemur í ársskýrslu UNICEF frá árinu 2019 að sjö grunnskólar, sjö frístundaheimili og tvær félagsmiðstöðvar hafa fengið viðurkenninguna (UNICEF á Íslandi, 2019). Á heimasíðu UNICEF á Íslandi kemur fram að markmið verkefnisins sé meðal annars að byggja upp lýðræðislegt námsumhverfi og auka þekkingu á mannréttindum (UNICEF, e.d.). Sebba og Robinson (2010) fylgdu eftir 31 skóla í Bretlandi og spurðu kennarana hvers vegna þeir vildu að skólinn sem þeir unnu við sækti um að verða réttindaskóli. Niðurstöður þeirra sýndu að ástæðan var tvíþætt: annars vegar vildu kennarar bæta hegðun barna og samband þeirra við hvert annað og kennarana, og hins vegar töluðu margir um að námskrá þeirra væri svipuð og réttindaskólanna. Þeir vildu því fá stimpilinn og sýna fram á að þeir væru að fylgja Barnasáttmálanum. Í fréttum RÚV var sagt frá því þegar skóli á Akureyri fékk viðurkenningu sem Réttindaskóli í nóvember 2020. Í myndbandinu eru nemendur skólans að segja að Barnasáttmálinn skipti máli, að það skipti máli að öll börn hafi sömu réttindi og að það séu ekki bara fullorðnir sem hafa réttindi (Ágúst Ólafsson, 2020). Markmið réttindaskóla hafa því skilað sér til barnanna þar sem þau eru farin að þekkja Barnasáttmálann og jafnframt sín réttindi. UNICEF á Íslandi er nýlega farið að víkka út verkefnið um réttindaskóla niður á leikskólastigið og kallast það Réttindaleikskólar. Verkefnið er nýtt og því hafa engir leikskólar enn fengið formlega viðurkenningu en nokkrir eru í umsóknarferlinu (UNICEF á Íslandi, 2019).

### 3 Þátttaka barna

Í þessum kafla verður fjallað um þátttöku barna og hvernig hún getur átt sér stað. Fyrst verður fjallað um lýðræðislega menntun barna, síðan um raddir barna og hvernig hægt er að efla þær, þar næst verður farið í þátttöku barna í leikskólastarfi, fjallað verður um þátttökustiga Harts og þátttökulíkan Lundy og að lokum verður skoðað hver ávinningurinn er af því að efla raddir barna og leyfa þeim að hafa áhrif.

#### 3.1 Þátttaka í lýðræði

Þrátt fyrir ungan aldur eru börn hluti af samfélaginu. Áður fyrr var ekki tekið tillit til sjónarmiða barna heldur áttu þau að hlýða og fylgjast með en sem betur fer hefur viðhorfið breyst. Bernskan er stór hluti af lífi barna en hún er í raun byggð á orðræðu þeirra fullorðnu í samfélaginu. Áður fyrr var litið á bernskuna sem stig sem börn fara í gegnum áður en þau ná fullorðinsaldri. Í félagsfræði bernskunnar er hins vegar lögð áhersla á að börn eru ekki einungis framtíðar samfélagsborgarar heldur eru þau félagslegir gerendur sem hafa áhrif á nútímann (Anna Magnea, 2008). Viðhorf til barna nú til dags einkennast ekki af því að eldri hugmyndum sé hafnað, um að þau séu saklaus og varnarlaus og þurfi stuðning, kennslu og vernd, heldur hefur frekar verið byggt ofan á fyrri þekkingu. Nú er einnig litið á tengsl og gagnkvæm samskipti barna og fullorðinna (Jóhanna Einarsdóttir, 2008). Hugmyndir um börn og barnæsku eru því ekki eins einfaldar og áður fyrr og nú er litið á þau sem einstaklinga sem geta haft áhrif.

Þátttaka barna í skólakerfinu er grunnur að lýðræðislegri menntun þeirra. Í lögum um leikskóla (90/2008) kemur fram að markmið leikskóla sé meðal annars að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi. Í Aðalnámskrá leikskóla (2011) er gert ráð fyrir því að „börn og ungmenni læri til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði“. Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að hafa áhrif og móta samfélag sitt (Aðalnámskrá leikskóla, 2011). John Dewey (1944) taldi menntun vera mikilvæga fyrir samfélagið því með henni mótast það sameiginleg gildi, stefnur og þekkingu sem stuðlar að samheldni í samfélaginu. Samkvæmt honum hafa öll samskipti þýðingu fyrir menntun einstaklings og því er ekki nóg að kenna börnum um lýðræði og þátttöku heldur verður að sýna þeim hvað felst í lýðræði með því að leyfa þeim að upplifa lýðræðislega þátttöku. Peter Moss (2007) telur að það eigi að færa stjórn málin niður í leikskólann því lýðræðisleg menntun hjá börnum á leikskólaaldri geti leitt af sér lýðræðisleg vinnubrögð í framtíðinni. Hann telur að börn þurfi að læra snemma að eiga lýðræðislegar umræður og þannig geta þau þróað með sér lýðræðislega borgaravitund. Sigrún Aðalbjarnardóttir (2007) fjallar um hugtakið borgaravitund í bók sinni *Virðing og umhyggja* þar sem hún lýsir hugtakinu sem virka þátttöku fólks í lýðræðislegu samfélagi. Að lifa í lýðræðislegu samfélagi þýðir ekki einungis að fólk hafi kosningarétt og áhrif á stjórn málin í landinu, heldur

er það einnig virk þátttaka fólks í samfélaginu sem vegur svo mikið. Sigrún telur jafnframt að borgaravitund birtist í samskiptum fólks og hvernig komið sé fram við aðra borgara samfélagsins. Að vera til staðar fyrir annað fólk, taka þátt í umræðum og nota rödd sína til þess að koma skoðunum á framfæri með skrifum og samræðum (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2015). Börn eru einnig hluti af samfélaginu, þó að þau hafi ekki kosningarétt geta þau byrjað á að þjálfa þá færni til að vera virkur borgari í lýðræðislegu samfélagi.

Lýðræðisleg færni er ekki meðfædd heldur þarf að þjálfa hana. Sigrún Aðalbjarnardóttir segir í viðtali að uppeldi og menntunar æskunnar sé sameiginlegt verkefni fyrir alla sem þekkja barn. Hún telur að þeir þættir sem þurfi sérstaklega að hlúa að séu meðal annars tungumálið og samskiptahæfni barna. Þau þurfi að læra að þau hafi rödd, að þau geti haft áhrif og beri ábyrgð á sinni hegðun (Björg Guðlaugsdóttir, 2019). Wall o.fl. (2019) rannsökuðu hvernig hægt væri að þjálfa þessa lýðræðislegu færni hjá börnum yngri en sjö ára, og niðurstöður þeirra benda á átta þætti sem mikilvægt er að hafa í huga:

1. Skilgreina raddir barna
2. Hafa í huga valdaójafnvægi milli barna og fullorðinna
3. Leyfa börnum að vera þátttakendur
4. Hlusta á börn
5. Gefa börnum tíma og rými til að koma máli sínu á framfæri
6. Hafa í huga hvernig nálgast á börn
7. Skoða hvaða aðferðir er hægt að nota til þess að hvetja börn til þess að tjá skoðanir og vera þátttakendur
8. Þekkja tilgang þess að efla raddir barna

Sinclair (2004) var með svipaðar þælingar og nefndi að ef verið væri að leyfa börnum að vera þátttakendur þyrfti að spyrja sig spurninganna: Af hverju? Hvað græða börnin á því? Þessar spurningar þvinga fullorðið fólk til þess að meta sjálft sig og ástæður þess að það leyfir börnum að taka þátt. Skilji fólk tilganginn er það líklegra til þess að virkilega hlusta á börn og láta þau hafa áhrif.

### **3.2 Raddir barna**

Börn sjá heiminn öðruvísi en fullorðið fólk. Þeir fullorðnu fylgjast með börnum sínum og sjá hvað er í gangi utan frá, en einungis börnin sjálf vita hvað þau upplifa og hvernig þau skynja heiminn í kringum sig (Anna Magnea, 2012). Hægt er að hugsa um raddir barna sem leið þeirra til að koma hugmyndum sínum frá sér með orðum. Hugtakið getur einnig vísað til þess hvað leynist í orðum og hegðun barna, sem einungis er hægt að skilja með því að veita þeim athygli (Clark og Moss, 2011). Til þess að raddir barna heyrst þarf að hlusta og leyfa skoðunum þeirra

að hafa áhrif (Anna Magnea, 2012). Auk þess er ekki nóg að hlusta á það sem börn segja því ung börn eru ekki með sömu samskiptahæfni og þau eldri og því er mikilvægt að taka eftir því hvað látbragð þeirra lætur í ljósi, hvað þau eru að segja með því að fylgjast með hegðun, líkamstjáningu og hvenær þau þagna (Wall o.fl., 2019). Anna Magnea (2012) nefnir einnig að það fari eftir aldri hvernig börn tjá sig og telur mikilvægt að börn sem hafa ekki góð tök á máli fái hjálp við að tjá sig.

Leikur barna getur verið grunnur að þroska þeirra. Leikur barna er tæki fyrir börn til þess að tjá tilfinningar sínar. Hann getur verið án orða og því góður fyrir börn sem hafa ekki góð tök á máli (Clark, 2006). Þegar börn eru í leik er algengt að þau sökkvi sér vel inn í leikinn og komist í ákveðið hugarástand sem kallast *flæði* (e. *flow*). Hugtakið var fyrst sett fram af Mihaly Csikszentmihalyi sem lýsti því sem ástand þar sem einstaklingur nær fullkominni einbeitingu í ákveðnu verkefni og lætur ekkert utanaðkomandi trufla sig. Þetta gerist þegar einstaklingur er að vinna með viðfangsefni sem á hug hans allan, og gerist því oft í vinnu hjá fullorðnu fólki eða í leik hjá börnum (Beard, 2014). Sylva o.fl. (2010) telja að leikur þar sem börn fá alfarið að stjórna ferðinni hafi góð áhrif á þroska þeirra, meðal annars samskiptahæfni og tilfinningaþroska. Það má því álykta að ef börn fá að stjórna sínum leik og komast í flæði geti það haft góð áhrif á þroska þeirra í samskiptahæfni og að tjá tilfinningar sínar. Carr (2001) telur að börn þjálfu hæfileikann við að vera þátttakendur þegar þau fá að taka þátt í verkefnum og leik frá unga aldri. Þau þjálfu hæfni sína við að halda athygli til lengri tíma, treysta frekar sjálfum sér í að vera þátttakandi og læra aðferðir við að taka þátt.

Til þess að raddir barna fái að njóta sín þarf að taka skoðanir þeirra alvarlega. Rannsóknir hafa sýnt að þrátt fyrir að fullorðnir ætli sér að gefa börnum tækifæri til að gefa álit og taka þátt í ákvarðanatökum þá er það ekki alltaf raunin. Þeir taka hugmyndir þeirra ekki nógu alvarlega og hlusta ekki nægilega vel þegar börn eru að tjá sig um sín sjónarmið (Knauf, 2019). Thomas Gordon (1970) hefur mikið fjallað um samskipti milli foreldra og barna og hann leggur áherslu á virka hlustun sem hann segir að nota megi til að styrkja samband foreldra og barna. Virk hlustun er einnig gott dæmi um hvernig maður hlustar á raddir barna. Til þess að notast við virka hlustun þarf að heyra hvað börn segja, endurtaka það til þess að börn átti sig á að hlustað sé á þau og tryggja að skoðanir þeirra séu virtar og teknar gildar við ákvarðanatöku. Mikilvægt er að mynda augnasamband og veita börnum alla athygli sína (Gordon, 1970). Clark (2006) telur að hlustun í samskiptum við börn snúist ekki um það að veiða upplýsingar upp úr börnum á einn ákveðinn hátt heldur sé þetta ferli sem snýst um að virkja börn í samræður með fullorðnum þar sem er tekið tillit til viðhorfa þeirra. Þetta samsvarar því sem Knauf (2019) segir um mikilvægi þess að foreldrar leggi áherslu á að eiga samræður við börn, hún telur að það þurfi að hlusta á þau og taka skoðanir þeirra alvarlega. Sinclair, Cronin, Lanyon, Stone og Hulse (2002) telja að ef verið er að meta málefni sem varða börn sé mikilvægt að fá þeirra



sjónarmið. Í rannsókn þeirra kemur fram dæmi um skjal á vegum ríkisstjórnarinnar í Bretlandi þar sem verið var að fjalla um réttindi barna. Þar var talað um vernd en þegar athugað var hvað börnunum fannst um orðalagið kom í ljós að þau túlkuðu orðið „vernd“ sem ofvernd frá foreldrum og litu á það á neikvæðan hátt. Þeim fannst orðalagið að „vera örugg“ mun jákvæðara og fannst það betra. Þetta sýnir að jafnvel orðalag, sem virðist skipta litlu máli, breytir því hvernig börn túlka efnið sem verið er að ræða um. Það getur því skipt miklu máli að hlusta á börn og taka alvarlega hvernig þau lýsa sínum sjónarmiðum.

Þegar verið er að efla börn til þess að tjá sig verður að hafa í huga að þau þurfa að finna fyrir öryggi. Börn þurfa að finna að á þau sé hlustað og að þau muni ekki fá skammir eða vera niðurlægð (Lundy, 2007). Martin o.fl. (2018) rannsökuðu þátttöku barna inná heimilinu. Þar kom í ljós að traust er lykilþáttur í því að börn þjálfu með sér hæfni í að vera hluti af ákvarðanatöku inná heimilinu. Ef foreldrar hlusta á börnin og treysta þeim þá eru börnin öruggari í því að segja frá sínum sjónarmiðum.

### **3.3 Þátttaka í leikskólastarfi**

Rannsóknir hafa sýnt að leikskólar sem bera af í gæðum leggja áherslu á þátttöku barna í skólastarfinu (Sheridan, 2009; Sylva o.fl., 2010). Í lögum um leikskóla (90/2008) kemur fram að markmið leikskóla er meðal annars að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta. Sylva o.fl. (2010) gerðu langtímarannsókn þar sem athugað var hvernig hversdagslíf barna hefur áhrif á félagslegan og vitsmunalegan þroska þeirra. Þar var verið að skoða þá leikskóla í Bretlandi sem voru taldir standa sig best en börn sem útskrifuðust þaðan stóðu ofarlega í vitsmunalegum og félagslegum þroska. Tveir af hverjum þremur leikskólum í rannsókninni lögðu áherslu á þátttöku barna í skólastarfinu, að börnin fengju að segja skoðanir sínar og hafa áhrif á starfið. Niðurstöður Sheridan (2009) voru þær sömu. Hún rannsakaði leikskólastarf í 20 skólum, bæði í Þýskalandi og Svíþjóð, og niðurstöður hennar benda til þess að leikskólar sem bera af í gæðum þar leggi áherslu á skólastarf þar sem börn fá að vera þátttakendur og hafa áhrif á skólastarfið. Það virðist því skipta miklu máli að starfsmenn leikskóla séu meðvitaðir um mikilvægi þess að börn fái að hafa áhrif. Þó svo að leikskólar séu ekki með Barnasáttmálann í sinni námskrá þá þurfa þeir að vera meðvitaðir um hann. Lundy (2007) telur að kennarar þurfi að lágmarki að vita að 12. grein Barnasáttmálans sé til, að hún sé fest í lög og að hún eigi alltaf við þegar menntunarfræðilegar ákvarðanir eru teknar.

Sjá má viðhorf kennara til barna í því hvernig þeir koma fram við þau. Menning, samfélag, sagan og kenningar, svo fátt eitt sé nefnt, móta sýn manna á börn. Skilningur og sýn kennara á börn hefur síðan bein áhrif á starfshætti þeirra (Jóhanna, 2008). Eva Johansson (2004) rannsakaði hvernig viðhorf kennara til barna sýna sig í starfsháttum þeirra og niðurstöður

hennar benda til þess að það fari eftir viðhorfum kennara hvernig leikskólastarfið er. Hún greinir þrennskonar viðhorf: (i) Ef kennarar líta á börn sem jafningja og hafa trú á hæfni þeirra einkennist starfið af gagnvirkum samskiptum, (ii) ef kennarar telja sig yfir börnin hafin og stjórna starfinu út frá aldri barnanna, því þeir telja börn ekki nógu hæf fyrir ákveðið verkefni ef þau hafa ekki náð tilteknum aldri, verður leikskólaumhverfið óstöðugt, en (iii) ef litið er á börn sem óþroskuð og notast er við umbun og refsingar verður leikskólaumhverfið alfarið út frá stjórn kennaranna.

Þegar börnum er leyft að vera þátttakendur og hafa skoðun á málefnum sem þau varða fá yngstu börnin mun sjaldnar að láta rödd sína heyrast (Sinclair, 2004). Þegar vísað er í uppsetningu leikskólastofu ímyndar maður sér litríkt herbergi með listaverkum eftir börn á veggjum og fullt af skapandi leikföngum. Slíkar skólastofur eru þó sjaldan hannaðar af börnunum sjálfum heldur eru það kennararnir sem ákveða hvernig stofan er uppsett. Í rannsókn Sheridan og Pramling Samuelsson (2001) var skoðuð upplifun barna í Svíþjóð af því hvaða áhrif þau hafa á leikskólastarfið. Tekin voru viðtöl við 39 fimm ára börn í Svíþjóð og niðurstöður rannsóknarinnar sýna að börnin fá að stjórna leik sínum og hvað þau velja sér að leika með en við nánari athugun á skipulagi leikskólans kemur í ljós að þó að þau stjórna eigin leikjum þá hafa þau sjaldan áhrif á starfsemi leikskólans, dagskipulagið og leikföngin sem eru í boði. Því er vert að athuga hver raunveruleg þátttaka barna er í skólakerfinu, hvort þau fái í raun og veru að hafa áhrif eða hvort það séu alltaf ákvarðanir fullorðinna sem ráða för. Svipaðar niðurstöður komu úr rannsókn Önnu Magneu (2012) en hún rannsakaði upplifun barna af leikskólastarfinu í tveimur leikskólum í Reykjavík. Báðir leikskólarnir leggja áherslu á sjálfræði en í ljós kom að upplifun barna úr öðrum þeirra var sú að þau fengju litlu að ráða um hvaða efnivið þau máttu leika með. Það fór í raun eftir kennurunum, og í hvernig skapi þeir voru, hvað börnin fengu að gera hverju sinni. Í hinum leikskólanum upplifðu börnin mun meira að þau fengju að velja sjálf, en þó ekki öll. Eftir viðtölin við börnin áttu kennararnir samræður sín á milli og áttuðu sig á því að þó að börn fái að ráða miklu, þá er ekki víst að þau upplifi það. Ef börn fá að hafa áhrif á leikskólastarfið, en upplifa sjálf ekki áhrifin sem þau hafa, hver er þá ávinningurinn? Næst verður fjallað um tvær gerðir af líkönum um þátttöku barna sem segir til um hver raunveruleg þátttaka barna getur verið.

### **3.4 Þáttökustigar**

Þegar talað er um þátttöku barna er ekki ein ákveðin skilgreining á því hvað átt er við. Það að taka þátt í einhvers konar verkefni, sama hvort um er að ræða barn eða fullorðinn einstakling, getur falist í því að fylgjast með, fá að prófa en fylgja samt leiðbeiningum annarra, eða taka virkan þátt og fylgja eigin sannfæringu og dómgreind. Það er mikilvægt að hafa það í huga að þegar börn eru þátttakendur þá segir það í raun ekki til um hvers eðlis þátttakan er. Roger Hart (1992) setti fram líkan sem segir til um þátttöku barna í skóla- og frístundastarfi. Líkan hans er

unnið út frá hugmyndum Sherry Arnstein (1969) sem setti kenningar sínar fram í formi stiga sem metur þátttöku. Hart notast við kenningar Arnsteins en tengir þær við þátttöku barna í skóla- og frístundastarfi. Þessi stigi er jafnan kallaður „þátttökustigi Harts“. Hann skiptir stiganum í átta þrep.

Þátttökustigi Harts lýsir þátttöku barna í átta þrepum þar sem fyrsta þrepið lýsir lítilli sem engri þátttöku og síðan verður þátttaka barna meiri eftir því sem ofar er komið í stigann. Fyrstu þrjú þrepin eru í raun þátttaka án þess að taka þátt (e. *non-participation*), þá hafa þeir fullorðnu stjórnina og ákveða hvert hlutverk barna er, út frá sínum eigin forsendum. Á þrepum fjögur til átta er þátttaka barna einlæg og raunveruleg. Þau einkennast öll af því að börn eru upplýst um viðfangsefnið, þau vita hvert hlutverk þeirra er, þau hafa mikilvægu hlutverki að gegna og þau bjóða sig fram sjálf til þess að vera þátttakendur. Eftir því sem ofar er farið í stiganum verður stjórn barnanna meiri og á efstu þrepunum eru það börnin sjálf sem ráða ferðinni. Fyrsta þrepið nefnist *óheiðarleg stjórnun* (e. *manipulation*) og á við þegar þátttaka barna er alfarið á forsendum fullorðinna og börn eru jafnvel ómeðvituð um þeirra þátt. Dæmi um slíkt er þegar börn fá það verkefni að teikna mynd af þeirra drauma leikvelli, svo er teikningunum safnað saman og þær nýttar í að útbúa leikvöll sem er svo sagt að sé hannaður af börnum. Börnin fengu þó aldrei upplýsingar um sitt hlutverk eða hvernig þeirra teikningar yrðu nýttar. Næsta þrep nefnist *skreyting* (e. *decoration*) og á við þegar börn eru bókstaflega notuð sem skreyting, eða auglýsing, fyrir ákveðið málefni eða viðburð. Börn eru látin koma fram eða klæðast einkennisbúning en vita sjálf ekki hvers vegna eða hafa ekkert að segja um þátttöku sína. Þriðja þrepið nefnist *táknræn þátttaka* (e. *tokenism*) og á við þegar það svo virðist sem börn fái rödd en fá í raun ekki að ráða sjálf hvernig þau nota hana eða hvernig þau koma sínum skoðunum á framfæri. Fjórða þrepið nefnist *ákveðið af fullorðnum en börn upplýst* (e. *assigned but informed*). Fimmta þrepið er *leitað ráða hjá börnum og þau upplýst* (e. *consulted and informed*) og á við þegar verkefninu er stjórnað af fullorðnum en börn vinna sem ráðgjafar. Sjötta þrepið er *frumkvæði fullorðinna og stjórnað með börnum* (e. *adult-initiated, shared decisions with children*). Sjöunda þrepið er *frumkvæði og stjórn barna* (e. *child-initiated and directed*) og áttunda þrepið er *frumkvæði barna en sameiginleg ákvarðanatataka með fullorðnum* (e. *shared decisions with adults*). Vert er að athuga að þó stiginn virðist gefa tilefni til að litið sé á efstu þrepin sem fyrirmyndarþátttöku þá er ekki endilega æskilegt að svo sé alltaf. Þó að börn eigi að vera virkir þátttakendur þá eru það hinir fullorðnu sem bera ábyrgð og þurfa að vera til staðar og fylgast með. Guðrún Alda Harðardóttir og Baldur Kristjánsson (2013) rannsökuðu hvernig þátttaka barna í einum leikskóla á Íslandi flokkast undir þátttökustiga Harts og þá kom í ljós að meirihlutinn flokkast á 5. til 7. þrep sem segir að þátttaka barna hafi að mestu verið stjórnað af barninu sjálfu með hjálp og leiðbeiningum kennara. Hér sést að meirihlutinn flokkast ofarlega í stiganum en þó ekki á

áttunda þrepi sem sýnir að leikskólakennararnir virðast hafa yfirsín yfir starfið þó að börnin stjórni miklu.

Laura Lundy (2007) hefur búið til annars konar líkan sem segir til um þátttöku barna. Hún telur miklar þörf á því að fólk sé meðvitað um að virðing fyrir skoðunum barna er ekki einungis hluti af góðum uppeldisháttum, heldur lagaleg skylda fólks. Líkan hennar er nýrra og byggist á 12. grein Barnasáttmálans. Hún telur að til þess að fylgja 12. greininni þurfi að hafa í huga fjóra þætti: *rými* (e. *space*), *rödd* (e. *voice*), *áheyrendur* (e. *audience*) og *áhrif* (e. *influence*). *Rými* vísar til þess að börn þurfa að fá tækifæri til þess að tjá skoðanir sínar. Þau þurfa að vera í traustvekjandi umhverfi þar sem þau upplifa sig örugg og vita að á þau sé hlustað. Tökum sem dæmi skólaumhverfi barna, ef kennarar vilja efla börn sem þátttakendur í skólastarfinu þarf umhverfi þeirra að bjóða uppá að þau tjái sig og hvetja þau til þess. *Rödd* vísar til þess að efla þarf börn til að tjá sig. Það þarf stundum að aðstoða börn við að mynda sér skoðun eða veita þeim verkfæri til þess. Raddir barna vísar ekki einungis til orða þeirra heldur einnig aðra tjáningu, eins og að teikna, skrifa eða á annan skapandi hátt. *Áheyrendur* vísar til þess að það þarf að hlusta á börn. Lundy minnst á að það er ekki réttur manna að það sé hlustað á skoðanir þeirra en það sama á ekki við um börn. Samkvæmt 12. grein Barnasáttmálans hafa börn rétt á því að það sé hlustað á skoðanir þeirra og að þær séu virtar. Það sé ekki nóg að heyra hvað börn segja, það þarf að hlusta. Einnig getur verið nóg að fylgjast með börnum til þess að skilja þeirra sjónarmið. *Áhrif* vísar til þess að skoðanir þeirra þurfa að fá að hafa áhrif, ef það á við. Þó þarf alltaf að hafa í huga 3. grein Barnasáttmálans sem segir að alltaf skuli fylgja því sem sé barninu fyrir bestu. Þó ætti ekki að hunsa rétt barna til að hafa áhrif á eigin líf nema ákvarðanir þeirra gæti valdið þeim skaða. Þegar börn fá að tjá skoðanir sínar, og það er hlustað á þau, en fá í raun ekki að hafa áhrif er það dæmi um táknræna þátttöku. Þetta samsvarar því sem Hart (1992) nefnir í þáttökustiga sínum en þar er þriðja þrepið táknræn þátttaka. Samkvæmt honum eru fyrstu þrjú þrep stigans í raun þátttaka án þess að taka þátt. Lundy (2018) gaf út grein nokkrum árum eftir að hún setti fram líkan sitt þar sem hún segist vera ósammála því að slík þátttaka sé í raun ekki þátttaka. Hún segir að slíkt viðhorf geti leitt til þess að hinir fullorðnu ákveða frekar að sleppa því að leyfa börnum að vera þátttakendur því þeir vilji ekki að þátttakan verði talin táknræn. Hún minnst einnig á að það að fá börn sem þátttakendur og hlusta síðan ekki á þau sé alltaf rangt og því telur hún ekki táknræna þátttöku vera góða, en táknræn þátttaka barna getur samt sem áður verið fyrsta skrefið í að auka þátttöku þeirra síðar meir og hún þarf ekki að hafa neikvæð áhrif á börn. Það er alltaf hægt að gera betur, fá fleiri börn sem þátttakendur og leyfa þeim að hafa meiri áhrif, og því getur þátttaka þeirra aldrei verið fullkomin. Lundy telur því ekki við hæfi að telja táknræna þátttöku sem þátttöku án þess að taka þátt.

Hér má sjá að bæði líkönin fjalla um þátttöku barna en skoða viðfangsefnið með mismunandi leiðum. Ekki er þörf að velja á milli líkananna heldur er hægt að notast við bæði þegar verið er að skoða þátttöku barna. Þátttökustigi Harts varðar fyrst og fremst ákvarðanir, hvenær og hvernig börn fá að taka ákvarðanir og ráða för og kemur því með ákveðnari niðurstöður sem hægt er að flokka í eitt af þrepum hans. Líkan Lundy snýr meira að því að gefa börnum tækifæri á að tjá sig og hvernig hægt sé að gera það. Það metur frekar hvernig aðstæður eru í umhverfi barna, hvort þau fái rými til að tjá sig, hvort hlustað sé á þau og hvernig tekið er í skoðanir þeirra. Það er því hægt að notast við bæði líkönin eða velja það sem hentar best hverju sinni. Vert er að athuga að þátttökustigi Harts var settur fram árið 1992 en þátttökulíkan Lundy árið 2007, það er því nokkur aldursmunur á þeim. Hægt er að sjá muninn þar sem Hart skoðar beint hvernig þátttakan er en Lundy skoðar frekar aðstæður barna og hvernig umhverfi þeirra styður við þátttöku.

### 3.5 Hver er ávinningurinn?

Það að börn fái að hafa áhrif á umhverfi sitt og finna að viðhorf þeirra skipta máli getur haft jákvæð áhrif á þroska þeirra (Clark o.fl., 2003; Guðrún og Baldur, 2013; Sebba og Robinson, 2010; Sara og Svanborg, 2016). Sinclair og Franklin (2000) telja upp ástæður þess að ýta undir þátttöku barna. Það er grunnur að því að viðhalda réttindum barna, getur hjálpað til við að betrubæta aðstæður fyrir börn í samfélaginu, eykur færni þeirra í að taka ákvarðanir, þroskar lýðræðisvitund þeirra, eykur öryggi barna, þjálfar samskiptahæfni og styrkir sjálfstraust. Clark o.fl. (2003) nefna einnig að það styrki sjálfstraust barna ef þau fá að nota rödd sínar þar sem fullorðnir hlusta og leyfa skoðunum þeirra að hafa áhrif. Þetta getur sérstaklega haft áhrif á sjálfstraust barna sem eru feimin og það styrkir samskiptahæfni þeirra. Þegar sjálfstraust barna styrkist eru þau duglegri að prófa nýja hluti og styrkja hæfileika sína enn betur. Sara og Svanborg (2016) telja að með því að hlusta á hugmyndir barna sé verið að ýta undir sköpunarfærni þeirra og efla trú þeirra á eigin getu. Í rannsókn þeirra var verið að skoða hugmyndir leikskólalóðar, þau fengu að koma með hugmyndir og sátu fund með skipulagsfulltrúa. Börnin voru fær um að koma með hugmyndir, þau upplifðu stolt og fundu fyrir því að hafa áhrif og að á þau væri hlustað. Þær taka dæmi af strák sem var feiminn við að segja frá sínum hugmyndum en eftir að fleiri börn höfðu tjáð sig varð hann öruggari, sagði frá sínum hugmyndum og virtist stoltur af sér í lok fundar. Í rannsókn Guðrúnar og Baldurs (2013) kom í ljós að börn sem fá að taka þátt í leikskólalastarfi virðast virkari í að taka ákvarðanir en börn sem fá ekki að taka þátt í leikskólalastarfi. Sömu niðurstöður komu fram í rannsókn Sebba og Robinson (2010) þar sem fylgt var eftir starfi réttindaskóla í Englandi í þrjú ár. Í lok rannsóknar voru nemendur virkari í ákvarðanatöku innan skólasamfélagsins og voru líklegri til þess að ná að útkljá deilur sín á milli upp á eigin spýtur. Carr (2001) telur að það að leyfa börnum að taka þátt í verkefnum og leik

öðlist þau góðan grunn til að þroska gagnrýna hugsun. Það eykur hæfni þeirra í að skilja hluti, geta myndað tilgátur og styrkir ímyndunaraflíð.

Með því að hlusta á börn er verið að eiga samskipti við þau sem byggjast á virðingu (Dockett, 2008). Í áðurnefndri rannsókn Sebba og Robinson (2010) var fylgt eftir starfi réttindaskóla í Englandi í þrjú ár. Niðurstöður benda til þess að eftir innleiðinguna hafði samband kennara og nemenda batnað verulega og einkennist af virðingu og skilningi. Clark o.fl. (2003) taka aftur undir hjá Sinclair og Franklin (2000) þegar þau tala um öryggi barna. Ef börn læra að tjá sig og nota rödd sína getur það aukið öryggi þeirra því þau treysta því frekar að það sé hlustað á þau. Ef börn gera ráð fyrir því að það sé hlustað á þau verða samskipti þeirra við fullorðna ekki einungis stýrð af þeim fullorðnu heldur einkennast þau af meiri gagnkvæmni.

Að hlusta á börn auðveldar fullorðnum að hjálpa þeim að fylgja áhugasviði sínu og gera það sem þau langar til (Dockett, 2008). Í rannsókn Söru og Svanborgar (2016) fengu leikskólabörn að hafa áhrif á endurskipulagningu leikskólalóðar og við byggingu lóðarinnar voru margar af hugmyndum barnanna nýttar svo úr varð lóð sem hentar vel leikskólabörnum. Það eru börnin sem munu leika sér á lóðinni og því er við hæfi að fá þeirra álit. Oft kemur foreldrum og kennurum á óvart hversu fær börn þeirra eru (Clark o.fl., 2003). Ef foreldrar gera sér grein fyrir því að börn séu nógu hæf til þess að átta sig á því hvernig þeim líður, getur það hjálpað þeim að skilja börnin betur og kennir þeim að hlusta á þau frekar en að búast við því að þau viti hvað sé börnunum fyrir bestu (Clark og Moss, 2011). Í rannsókn Söru og Svanborgar (2016) kom fram að leikskólakennararnir héldu að börnin myndu koma með of stórtækar hugmyndir en þau komu með hugmyndir sem voru nothæfar og höfðu þau greinilega tengt þær við aðra leikvelli sem þau þekktu. Það getur því verið nytsamlegt að biðja um álit barna því þau eru oft mun færari og hugmyndaríkari en búist er við.

## 4 Aðferð

Það er auðvelt að afla sér fræðslu um Barnasáttmálann og tala um mikilvægi þess að börn þekki hann en til þess að öðlast dýpri skilning á því hvernig er að vinna með hann er nauðsynlegt að tala við einstaklinga með reynslu. Þess vegna var ákveðið að notast við eigindlega rannsóknaraðferð í þessari rannsókn þar sem talað var við þrjá leikskólastarfsmenn sem hafa allir reynslu af því að vinna með Barnasáttmálann. Eigindleg rannsóknaraðferð gengur út á að safna óstöðluðum gögnum og greina huglæga merkingu út frá félagslegu sjónarhorni frekar en að rýna í tölfræðileg gögn (Flick, 2014). Leikskólakennararnir sem rætt var við voru allir að vinna á leikskóla sem voru í ferli að sækja um að verða réttindaleikskóli UNICEF. Viðmælendur voru allir kvenkyns og höfðu starfað á leikskóla í að minnsta kosti tíu ár.

Ákveðið var að taka viðtöl við leikskólastarfsmenn eftir að hafa verið í samskiptum við starfsmann hjá UNICEF sem sér um Réttindaleikskólaverkefnið og aðstoðaði hann við að afla viðmælanda. Auðvelt var að fá viðmælendur og voru þeir allir spenntir yfir verkefninu sem sýnir að þeim þykir þetta mikilvægt efni. Eitt viðtal var tekið í heimahúsi hjá viðmælanda en hin tvö voru tekin í gegnum fjarfundabúnaðinn *Teams*. Viðtölin voru 45-60 mínútur. Búið var að gera spurningalista en spurningarnar voru opnar. Það að hafa spurningarnar opnar er hluti af eigindlegri rannsóknaraðferð en það gefur viðmælendum tækifæri til þess að segja frá viðfangsefninu út frá eigin forsendum með áherslu á það sem þeim þykir mikilvægast (Lichtman, 2013). Þegar búið var að taka viðtölin voru þau afrituð, þau borin saman og þemagreind. Við þemagreiningu kom í ljós að viðmælendur voru frekar sammála um hvað þeim fannst mikilvægast.

Leikskólarnir sem viðmælendur vinna á eru í þremur mismunandi bæjarfélögum á Íslandi. Hugmyndafræði leikskólanna er mismunandi en allir leggja þó ríka áherslu á réttindi barna og eiga það sameiginlegt að tengja starf sitt við Barnasáttmálann. Til þess að viðhalda nafnaleynd fá viðmælendur dulnefnin Hulda, Karen og Beta og leikskólarnir sem þær koma frá verða kenndir við þær. *Hulda* er deildarstjóri á sínum leikskóla og hefur notað greinar Barnasáttmálans í sínu starfi í um það bil 12 ár. *Karen* er leikskólastjóri og hennar leikskóli leggur meðal annars áherslu á jákvæða sálfræði, flæði, styrkleikamiðaða nálgun og vináttuverkefni. *Beta* er aðstoðarleikskólastjóri og á hennar leikskóla hefur lengi verið unnið með lýðræði barna, þau hafa verið að vinna með grænfánaverkefnið, þar sem mikil áhersla er lögð á útinám, og þau notast við uppeldi til ábyrgðar.

Allir viðmælendur auk rannsakanda hafa brennandi áhuga á viðfangsefninu og voru sammála um flest allt sem rætt var um. Erfitt var að spyrja opinna spurninga og leyfa viðmælanda að tjá sig án þess að taka undir með honum. Það kom fyrir að viðmælandi leiddi

rannsakanda inn í samræður en hann passaði sig á því að koma ekki með neinar hugmyndir sjálfur. Í eigindlegum rannsóknum á rannsakandi að vera hlutlaus og á ekki að koma með hugmyndir heldur þarf að gefa viðmælanda tíma til þess að svara sjálfur (Lichtman, 2013). Einnig gæti verið að viðmælendur hafi frekar sagt frá jákvæðum dæmum í sínu starfi en að minnast á það sem hefur gengið illa til þess að líta betur út í rannsókninni. Þeir vita að rannsakandi hef áhuga á viðfangsefninu og vilja því sýna fram á að þeir séu að sinna sínu starfi vel. Rannsakandi telur þó viðmælanda hafa verið einlæga og sagt frá því sem þeir telja mikilvægast.



## 5 Niðurstöður

Við þemagreiningu á viðtölunum komu fram fjögur meginþemu. Þau eru *Barnasáttmálinn sem verkfæri, hlutverk kennara, að leyfa börnum að hafa áhrif og sjálfstæðir og sterkir einstaklingar*. Í þessum kafla verður fjallað um hvert þema fyrir sig.

### 5.1 Barnasáttmálinn sem verkfæri

Hægt var að greina í viðtölunum að viðmælendur litu á Barnasáttmálann sem verkfæri til þess að viðhalda reglum hans inn í skólastarfinu. Allir leikskólarnir höfðu áður verið að leggja áherslu á virðingu og þátttöku barna í leikskólastarfinu. Beta segir: „Barnasáttmálinn var í rauninni bara svona til að halda okkur á þessari braut áfram“. Þær nefndu einnig allar að Barnasáttmálinn hangi uppi hjá þeim. Beta segir: „svo erum við líka með myndir ... við sýnum þeim þær og ræðum um þær við börnin. Þetta er náttúrulega líka liður í því að hjálpa börnum“.

Leikskóli Huldu hefur einnig verið að notast við lífsgildi og tengir Barnasáttmálann við þau gildi sem verið er að vinna með hverju sinni. Hún lýsir því hvernig þetta tengist: „Hvernig geturðu orðið betri manneskja, besta eintakið af sjálfum þér kannski, lært þessi gildi, þekkt réttindi þín. Þetta er svona ein hugsun í rauninni. Þetta bara allt tengist“. Hún nefnir dæmi um lífsgildið *umburðarlyndi* því það þarf að sýna umburðarlyndi þegar maður er að læra réttindi Barnasáttmálans. Hún segir: „það eru engir eins, en allir eiga rétt á því sama, þá þarftu að þekkja umburðarlyndi“. Þau velja þá lífsgildi sem passa við greinar Barnasáttmálans.

Leikskóli Karenar er að vinna með vináttuverkefni þar sem ákveðið þema er tekið fyrir hverju sinni og þau tengja þá greinar úr Barnasáttmálanum við hvert þema. Hún segir að það að tengja greinarnar við vináttuverkefnið auðveldi starfsmönnum að vinna með þær.

Þá tengjum við 12. greinina við janúar og febrúar af því þá erum við að vinna með vísindi og hugrekki og þú þarft hugrekki til þess að láta skoðanir þínar í ljós, standa upp fyrir vini þínum ... og segja nei fyrir þig

Karen nefnir að það hafi verið gott að fá verkfæri í hendurnar: „bara þetta réttindaskóla verkfæri, bara þælingarnar, að setjast niður með starfsfólkinu sínu og þæla í því og fá þessar hugmyndir, það gefur manni svo mikið“. Hún segir einnig að það að setja Barnasáttmálann inn í námskrána hafi gefið þeim ákveðið vinnuþagg fyrir starfsfólkið.

Hulda tengir greinar Barnasáttmálans við aldur barna. Hjá yngstu börnunum er aðallega verið að kenna þeim um rétt barna til að hafa nafn og rétt barna til að halda tengslum við fjölskylduna sína. En hún nefnir að þau segja ekki beint út að þetta séu réttindi:

Við erum ekki að kenna þeim greinar. Við erum ekkert að segja núna erum við að læra barnasáttmálann, við erum meira að leggja inn að þau þekki það að allir hafa sitt nafn og allir hafa rétt á því, og fara í leiki í kringum það. Þegar þú ert með svona huglægt efni og það er svona flókið og þungt að þá þarftu að geta tengt það við leik.

Það er ekki fyrr en börnin eru orðin eldri sem börnunum er sagt frá Barnasáttmálanum. Þá er það útskýrt svona: „Þetta eru reglur sem kallast réttindi og þau eru fyrir öll börn“.

Karen leggur áherslu á mikilvægi þess að gera eitthvað sem skiptir máli fyrir börnin en ekki það sem lítur best út fyrir leikskólann. Hún segir: „fyrir okkur skiptir engu máli með hverju við skreytum okkur. Það sem skiptir máli er að við erum að gera það sem við segjumst ætla að vera að gera“.

## 5.2 Hlutverk kennara

Samkvæmt viðtölunum gegna kennarar veigamiklu hlutverki í því að viðhalda reglum Barnasáttmálans. „Við erum nefnilega alltaf að tala“ segir Karen því hún telur mikilvægt að umræður séu milli kennara. Einnig segir hún:

Sem starfsmaður þarftu að þæla í hvað við erum að gera, og kenningunum okkar og við eigum að vera dugleg að miðla þessu til starfsmanna ... af því ef þú sem starfsmaður veist af hverju þú ert að gera hlutina þá gengur þér betur.

Þær telja allar að umræður séu mikilvægar til þess að veita og meta hvað gengur, hvað gengur ekki og hvað mætti betur fara. Karen telur að stjórnendur verði að vera duglegir að minna starfsfólk á Barnasáttmálann og það að setja hann inn í námskrána geri gæfumuninn: „Þetta er bara svona vinnuplagg fyrir starfsfólkið. Þösum að þau fari í það. Svo finnur bara starfsmaðurinn leiðirnar“.

Beta telur mikilvægt að starfsfólk geri saman æfingar sem skapa umræður milli þeirra. Hún segir: „að kynnast betur um hvað þetta snýst og kynna þetta fyrir nýju starfsfólki, það er mjög mikilvægt“. Beta segir frá einu verkefni sem þau hafa gert á starfsdegi.

Þá er spilað, erum með spilastokk í húsunum, sem eru með öllum greinum barnasáttmálans ... hópur fólks á að reyna að flokka þessi markmið barnasáttmálans í 10 mikilvægustu, og þá kemst fólk bara að því að, vá, þetta er bara ekki hægt. Vegna þess að þetta er allt svo mikilvægt ... Þetta skapar alveg rosalega góða umræðu og breytir pínulítið hugsuninni hjá fólki um hvað börn eru í rauninni fær.

Beta nefnir einnig annað verkefni þar sem starfsfólk átti að skipta sér í tvo hópa út frá því hvort þau væru sammála því að börn þurfi að smakka allan mat eða að þau mega ráða því. Eftir hópamyndun áttu starfsmenn að ræða hvers vegna þau völdu tiltekinn hóp: „við getum endalaust verið að gagnrýna hvert annað fyrir hvernig við erum að taka á uppeldi barna, þetta er holl umræða og eitthvað sem vekur okkur til umhugsunar“ segir hún. Karen talaði einnig um það að umræður breyti hugsunarhætti starfsfólks: „svona ef maður er meðvitaður um það líka í kollinum þá verður maður, maður hugsar öðruvísi og maður kemur öðruvísi fram við þau“.

Hulda og Karen minntust á að það er á ábyrgð þeirra fullorðnu að standa vörð um réttindi barna og að kynna þeim réttindi sín. Karen nefnir að það eru kennararnir sem þurfa að kenna börnum að koma sínum viðhorfum á framfæri. Hún segir: „þau hafa einhverjar þarfir, þau hafa einhvern vilja og við þurfum svolítið að kenna þeim að standa í fætturna og þú getur bara sagt nei“. Hulda ítrekar að þetta sé einungis á ábyrgð þeirra fullorðnu. Hún segir: „Það er bara okkar fullorðinna, á okkar ábyrgð, að kenna þeim ... að passa uppá að það sé ekki brotið á þeim“. Hulda talaði einnig um ábyrgð fullorðinna þegar hún ræddi um hvíldina því það kemur oft upp að foreldrar vilji minnka svefn á ákveðnum aldri:

Stundum þurfa bara börnin virkilega að sofa og það er undir okkur komið að standa vörð um það sem börnin þurfa. Stundum sjáum við það í leikskólanum að þau eru verulega þreytt og við erum að standa vörð um þeirra réttindi að þau eiga rétt á hvíld.

Viðmælendur telja því ábyrgð kennara vera mikla og það sé undir þeim komið að börn þekki réttindi sín.

### **5.3 Að leyfa börnum að hafa áhrif**

Allir leikskólarnir voru með aðferðir til þess að hjálpa börnum að tjá sig og koma skoðunum sínum á framfæri. Hulda segir frá einni aðferð hjá sér þar sem börn fá spjaldtölvu í hendurnar og eiga að taka mynd af einu sem þeim þykir skemmtilegt og einu sem þeim þykir leiðinlegt. Hún kemur með eina sögu sem lýsir vel hvernig þetta nýttist bæði þeim og einu barni:

Þá var stelpa sem að tók bæði mynd, hún tók mynd af því sama, hún tók út í garðinn ... svo setjumst við með henni inn og ég spyr hana af hverju ... Bara mér finnst svo gaman úti að leika í garðinum því þá hitti ég systur mína sem er á annarri deild ... en þessi hérna mynd það sem þér finnst leiðinlegt? og þá sagði hún það er að fara út í gönguferð af því ég veit aldrei hvert við erum að fara. Og þetta var svo athyglisvert fyrir kennarana síðan af því að þá föttuðu þær, við förum svo oft í gönguferðir þegar við erum búin að ákveða eitthvað og það var kannski bara ekki alltaf sagt frá því hvert þau voru að fara. Svo líklega líka upplifði stelpa óöryggi að fara frá leikskólanum því henni fannst skemmtilegast að vera úti með systur sinni og þar upplifði hún öryggi að vera með einhverjum sem hún þekkti vel og leið vel með.

Eftir þetta höfðu kennararnir þetta í huga og gátu aðlagð skipulagið að þörfum þessarar stelpu, þeir pössuðu sig á því að láta alltaf vita hvert þau voru að fara og hversu lengi þau myndu vera. Hún talaði einnig um að nauðsynlegt væri að leyfa þeim að meta leikföngin og það sem þau gera í leikskólanum, því það eru þau sem leika sér að þeim en ekki kennararnir. Beta talaði um aðra aðferð til þess að endurmeta ýmislegt á leikskólanum. Sú aðferð kallast demantaaðferðin og þá er eitt viðfangsefni tekið til umræðu og börnin fá í sameiningu að raða viðfangsefninu í röð út frá því hvað er skemmtilegast og hvað er leiðinlegast:

Við ákveðum að endurmeta t.d. dótið á deildinni. Og þá tókum við mynd af dóti og við notum þjár myndir fyrir þau allra yngstu og níu myndir fyrir elstu börnin og svo röðum við myndunum

upp í demant ... svo komumst við að því að það er eitthvað þarna sem er eiginlega bara ekkert skemmtilegt og þurfum ekkert að vera með þetta á deildinni ... Þannig að við svona fáum að heyra frá börnunum svolítið hvað þeim finnst um hitt og þetta.

Auk þess minntist Beta á að þau hafa oft kosningar hjá börnum þegar þau eru að fá eitthvað nýtt. Nýlega átti að þanta nýja klifurgrind og hún leyfði börnunum alfarið að velja hvernig klifurgrind átti að þanta: „ég einmitt bara hugsaði með mér ... ég ætla ekki að fara að velja einhverja klifurgrind sem ég er ekki að fara að leika mér í“. Beta og Hulda sögðu að börnin fengju stundum að velja hvað væri í matinn. Í leikskóla Huldu fær hvert barn í elsta hópnum að velja hvað er í matinn einu sinni en í leikskóla Betu fá þau að velja í sameiningu þrisvar sinnum í mánuði. Karen, sem er leikskólastjóri, segir að börnin séu farin að skrifa henni bréf ef þau langar í eitthvað. Hún segir:

Ef þau vilja eitthvað ... þá bara grípur kennarinn tækifærið og segir „skrifið bara bréf til [Karenar] eða biðjiði um fund“ og þannig réttum við þeim fullt af verkfærum í hendurnar sem þau geta tekið með sér áfram í lífið.

Viðmælendur voru allir sammála því að ef börn eiga að fá að hafa áhrif á starfið þurfi þau að sjá skýrt og greinilega að hlustað sé á þau. Karen telur að það sé verra að leyfa þeim að koma með hugmyndir sem ekki er tekið tillit til heldur en að sleppa því að leyfa þeim að tjá sig. Hún segir:

Sem fullorðinn þá finnst mér svo mikilvægt að ef þú ert að spyrja börnin um eitthvað ... að þá þarf maður að veita þeim eitthvað af þessu, við getum ekki bara verið með einhverja fína fundi og svo finna þau aldrei að þau fengu að ráða, því [það sem kosið var um] kom aldrei.

Karen talaði um að það væri mikilvægt að sýna þeim þessa virðingu, að það sé hlustað á þau. Það þarf að grípa tækifærið þegar börn spyrja fullorðið fólk að einhverju og biðja þau um eitthvað, að leyfa þeim að upplifa það að þau hafi áhrif. Svipuð þæling kom frá Betu þegar hún var að segja frá kosningunni um nýja klifurgrind fyrir útisvæðið.

Þú þarft að sjá tækifærin og tilefnin til þess að börnin geti haft áhrif ... þegar klifurgrindin kom síðan þá vissu þau, vó þetta er klifurgrindin sem að átti að koma sem við kusum um.

Hulda nefnir að erfitt sé að kenna börnum að þau geti haft áhrif ef þau sjá það ekki strax. „Því það má ekki láta of mikinn tíma líða því þá gleyma þau, þau verða að sjá afraksturinn strax frá því sem þau voru að kjósa úr lýðræðinu. Svo þau fatti að það virki, að þau hafi áhrif“. Hún nefnir einnig í tengslum við það að þegar þau fái að velja mat þá sé það gert á mánudegi og þá er það í matinn á þriðjudeginum eða miðvikudeginum eftir.

Viðmælendur töluðu einnig um mikilvægi þess að skapa umræður með börnum. Hulda segir frá því þegar það var komin mikill óróleiki í hvíldinni hjá sínum barnahóp og hún ákvað að halda lítinn fund með þeim þar sem hún benti á eina grein sáttmálans sem segir að öll börn eigi rétt á hvíld, leik og tómstundum. Hún útskýrði fyrir þeim að þó svo að sum þeirra vilji ekki

sofa að þá gætu verið önnur börn í hópnum sem vilja sofa. Þá eru það þeirra réttindi að fá að hvíla sig og allir þurfa að virða það.

Beta segir frá því að allar deildir geri deildasáttmála saman þar sem þau setjast í hóp og búa saman til reglur. Hún segir: „það kemur oft rosalega mikið út úr þessu, eins og t.d. eitt barn sagði að það vilji ekki heyra kennara öskra. Þannig að þá auðvitað bara fara þessir fullorðnu inná deildina og hugsa: Er ég eitthvað að öskra?“. Þá taka þau samræður með börnunum og athuga hvað það er sem þeim þykir mikilvægt að hafa í reglum deildarinnar. Þau gera þennan sáttmála á haustin en þá er oft mikil nýliðun á deildunum.

Hulda minnst á mikilvægi þess að stjórnar umræðunum út frá aldri barnanna. Hún segir: „þú þarft að finna jafnvægi, því þú getur ekki haft of mikið af umræðum, því þau verða bara þreytt“. Hún nefnir að það sé erfitt að kenna tveggja ára barni hvað eru réttindi, en þú getur talað um viðfangsefni greinanna. Hún tekur dæmi um hvíld: „nú erum við að hvíla okkur, allir þurfa að hvíla sig til að líða vel. Svo seinna meir ertu að leggja réttu orðin á það sem þú ert búin að vera að kenna hin árin. Þá ertu farin að segja: þetta eru réttindin þín.“

#### 5.4 Sjálfstæðari og sterkari einstaklingar

Viðmælendur ræddu um ágóðann sem hlýst af því að efla raddir barna. Beta segir frá því þegar leikskólinn notaðist við skammarkróka þegar börn voru að haga sér illa. Þau hættu að nota skammarkróka fyrir nokkrum árum og einbeittu sér frekar að því að mynda góð tengsl við börnin. Hún segist sjá mikinn mun á því hvernig samskipti eru milli kennara og barna:

Það er ekki þessi reiði ... ef að barn er sett [í skammarkrók] að þá verður það rosalega reitt og fer kannski bara að öskra stjórnlaust og slá frá sér. Það er ekki að gerast þegar við nálgumst barnið, ef við spyrjum bara: hvað átt þú að vera að gera núna? Á ég að hjálpa þér ... að nálgast það eins og það er, það missir ekki alveg kúlið.

Beta telur að ávinningurinn liggja ekki bara í því hvernig barnið er og hvernig því líður heldur hvernig kennararnir koma fram við þau. Hún nefnir mikilvægi þess að fólk viti að það er alltaf ástæða fyrir því að börn hagi sér illa. Hún telur að viðhorfið gagnvart hegðun barna hafi batnað. Hún segir: „þessi virðing í rauninni fyrir börnunum og virðing fyrir þeirra tilfinningum, er eitthvað sem að hefur stórlega batnað“. Karen talar einnig um virðingu gagnvart börnunum. Hún segir: „við sem starfsmenn vitum það alveg, ef einhver segir „nei ég vil ekki fara í einingakubbana,“ ókei. Í staðin fyrir jú! Hérna það er þessi hópur eftir veldu þetta. Hinir eru allir fullir“.

Virðing meðal barnanna eykst einnig. Hulda sagði frá fundi sem hún hélt með börnunum eftir að það fór að vera órói í hvíldinni. Eftir að hafa fundað með börnunum fann hún strax mun á þeim og þau eru farin að bera meiri virðingu fyrir hinum börnunum. Hún segir:

Síðan að við höfðum þennan fund þá hefur gengið svo mikið, mikið betur ... þau eru farin að spyrja út í og kannski fatta meira að, já ókei, þó að ég vilji ekki sofa að þá er einhver annar sem vill hvíla sig og ég þarf líka að hugsa út í það sem aðrir þurfa. Mín réttindi mega ekki fara yfir réttindi næsta.

Ávinningurinn liggur einnig í því að börn þekki mörkin sín og viti að það má ekki brjóta á þeim. Hulda telur þetta vera forvarnarstarf fyrir ofbeldi gagnvart börnum.

Þau viti það að ef þau segja hverju öðru ef þau sjá eitthvað, eða ef einhver ætlar að reyna eitthvað að þá geta þau sagt ... nei veistu ég veit að þetta má ekki og nú ætla ég að segja stopp.

Karen segir það sama og Hulda: „Þannig einhvern veginn fáum við svona ... sterkari einstaklinga sem vita hvað þeir vilja og kunna svolítið þetta að segja nei“. Hún nefnir að það atriði að þau eru vön að fá eitthvað um líf sitt að segja breytir svo miklu, þau vita að það er borin virðing fyrir þeirra skoðunum og þau þurfa því ekki að leika með efnivið sem þau langar ekki að leika með.

Viðmælendur nefndu einnig að sjálfstæði ykist hjá börnum sem læra að nota rödd sína. Karen segir: „Þau eru sjálfstæð, þau vita hvað þau vilja ... standa svolítið í lappirnar ... við erum ekki að tala um frekju, bara svona einhvers konar vitund um sig“. Þetta nefnir einnig að það geti styrkt sjálfstæði barna að kenna þeim að mynda sér skoðun strax á leikskólaaldri og standa fyrir sínu. Hún telur einnig að þetta sé hæfni sem hefur þróast áfram hjá ungu fólki í dag og hefur breytt því hvernig þjóðfélagið er. Hún segir:

Við erum orðin miklu opnara þjóðfélag. Við getum rætt hluti sem voru bara svolítið þaggaðir í gamla daga ... hvernig svona vinnubrögðin eru orðin öðruvísi. Og það eru auðvitað bara út frá því að það þarf að vekja athygli á því. Og barnasáttmálinn er svona pínulítið grunnurinn að

## 6 Umræður

Markmið þessarar rannsóknar var að skoða hvernig hægt væri að innleiða Barnasáttmálann inn í leikskólastarf og hvernig mætti nota hann í þeim tilgangi að efla raddir barna. Auk þess að athuga hvers vegna það er mikilvægt að börn læri snemma að nota rödd sína. Ég tók viðtöl við þrjú leikskólastarfsmenn sem hafa reynslu af því að vinna með Barnasáttmálann til þess að leita svara við rannsóknarspurningunum. Í þessum kafla verða dregnar saman helstu niðurstöður viðtalanna og verða þær skoðaðar í ljósi rannsókna og þess fræðilega efnis sem rætt var um í fræðilega hluta ritgerðarinnar.

Fyrri rannsóknarspurningin var: *Hvernig má nota 12. grein Barnasáttmálans í leikskólastarfi í þeim tilgangi að efla raddir barna?* Viðmælendur virtust líta á Barnasáttmálann sem verkfæri sem hjálpar þeim að viðhalda skólastarfi sem gengur út á virðingu og þátttöku barna. Þetta samræmist því sem grunnskólakennarar sögðu um innleiðingu réttindaskóla í rannsókn Sebba og Robinson (2010). Þar kom fram að margir skólar voru með námskrá sem svipaði til viðmiða réttindaskóla en vildu fá stimpilinn um það að vera að fylgja Barnasáttmálanum. Viðmælendur minntust einnig á að þau legðu áherslu á þátttöku barna og virðingu fyrir þeirra skoðunum en vildu taka að sér þetta verkefni, að verða réttindaskóli, til þess að hjálpa sér að viðhalda því starfi og fá stimpilinn.

Börn eru mismunandi þegar kemur að því að tjá sig. Wall o.fl. (2019) og Anna Magnea (2012) telja að það fari eftir aldri og getu barna hversu mikið þau geta tjáð sig með máli og þá sé mikilvægt að gefa þeim hjálpartæki til þess. Viðmælendur voru greinilega meðvitaðir um það og gáfu börnum tækifæri á að tjá sig án orða. Hulda minntist á aðferð þar sem þau gáfu börnum spjaldtölvu til þess að taka myndir af því sem þeim fannst skemmtilegast og leiðinlegast. Þá gaf hún þeim tæki í hendurnar til þess að nota, í staðin fyrir að finna orðin sjálf og lýsa því sem var skemmtilegast eða leiðinlegast. Viðmælendur notuðu einnig umræður og bjuggu til reglur með börnunum. Leikskóli Betu notar demantaaðferð til þess að meta leikföngin í leikskólanum. Þá ræða þau saman um leikföngin og ákveða hvað fer efst og hvað fer neðst. Það er hægt að líta á þessa aðferð sem leik fyrir börn þar sem þau geta komið á framfæri hvað þeim raunverulega finnst um leikföngin. Þetta sýnir að það skiptir ekki mestu máli að heyra hvað börn hafa að segja um ákveðið málefni, heldur þarf að fylgja börnum, sjá hvernig þau bregðast við, hjálpa þeim að tjá sig, fylgja löngunum þeirra og virða þau. Börn þurfa ekki að geta tjáð sig til þess að hafa skoðun á ákveðnu máli.

Hægt er að skoða starf viðmælanda út frá þáttökustiga Harts (1992) en samkvæmt honum má álykta að leikskólastarfið í leikskólunum sem viðmælendur vinna á mætti meta á þrepum 5-7 þar sem börn fá að vera hluti af ákvarðanatökum. Þetta samræmist niðurstöðum Guðrúnar og Baldurs (2013) þar sem þau rannsökuðu hvernig þátttaka barna í einum leikskóla

á Íslandi flokkast undir þátttökustiga Harts en þá kom í ljós að meirihlutinn flokkast í 5.-7. þrep. Beta kom með dæmi um þegar átti að kaupa nýja klifurgrind fyrir leiksvæðið og hún leyfði börnunum að kjósa á milli tveggja tegunda. Þá fengu börnin að taka ákvörðun og voru upplýst en ábyrgðin lá hjá leikskólastjóra. Hægt er að tengja það dæmi við fimmta þepið þar sem leitað er ráða hjá börnum og þau upplýst, eða í sjötta þepið sem einkennist af frumkvæði fullorðinna og stjórn barna.

Umræður milli kennara virðist skipta máli til þess að skólafarfið fylgi Barnasáttmálanum. Wall o.fl. (2019) töluðu um þá þætti sem hafa þarf í huga þegar verið er að efla raddir barna. Þar var talað um að fullorðnir þurfa að hafa í huga valdaójafnvægi milli barna og fullorðinna og fullorðnir þurfa að þekkja tilgang þess að efla raddir barna. Sinclair (2004) nefndi að fullorðnir þurfa að spyrja sjálfa sig hvers vegna verið sé að leyfa börnum að vera þátttakendur því ef þau skilja tilganginn eru þau líklegri til að virkilega hlusta á börn. Því eru umræður milli kennara mikilvægar og þeir þurfa að minna sig á tilganginn með því að fylgja Barnasáttmálanum. Þetta rímar við það sem viðmælendur rannsóknarinnar sögðu um hlutverk kennara. Þær sögðu að stjórnendur þyrftu að minna reglulega á sáttmálann og kennarar þyrftu að minna sig reglulega á hann og hvers vegna verið væri að fylgja honum.

Viðmælendur minntust á mikilvægi þess að leyfa börnum að hafa áhrif og grípa tækifærið þegar það gefst. Þetta svipar til niðurstaðna Wall o.fl. (2019) um þætti sem hafa þarf í huga til þess að efla raddir barna. Þar var talað um mikilvægi þess að leyfa börnum að vera þátttakendur. Það eru þeir fullorðnu sem stjórna því í raun hvort að börn fá að vera þátttakendur eða ekki og því þurfi þeir að vera meðvitaðir um að grípa tækifærið þegar þeir geta leyft börnum að hafa áhrif. Lundy (2007) lagði einnig áherslu á að leyfa börnum að hafa áhrif þegar það á við og var það eitt af fjórum þáttum í líkani hennar um þátttöku barna.

Það er þó ekki nóg að leyfa börnum að hafa áhrif heldur verður einnig að sjá til þess að börn taki eftir því að þau séu að hafa áhrif. Viðmælendur minntust á að það væri í raun verra að leyfa þeim að taka þátt, ef þau fá svo aldrei að sjá útkomuna, en að sleppa því að fá þeirra álit. Það er einnig hægt að tengja þetta viðhorf viðmælanda við þátttökulíkan Lundy (2007) en þar var fjórði þátturinn áhrif en þar kemur fram að skoðanir barna þurfa að fá að hafa áhrif, þegar það á við. Sama hugmynd kom einnig fram í rannsókn Önnu Magneu (2012) þar sem hún fylgdist með þátttöku barna í tveim leikskólum. Þar kom í ljós að kennararnir töldu að börn fengju að ráða mörgu í leikskólafarfinu en börnin sjálf tóku ekki eftir eigin áhrifum. Þau sáu þá ekki áhrifin sem þau höfðu og töldu að leikskólakennararnir réðu öllu.

Margir leikskólar hér á landi leggja áherslu á þátttöku barna en spurning er hvernig sú þátttaka er og hversu vel sú áhersla nær fram að ganga. Með því að innleiða Barnasáttmálann í leikskólafarfið er má nota hann sem tæki til að efla starf sem hefur réttindi barna að leiðarljósi og gerir börn meðvitaðri um eigin réttindi og skyldur. Það er nauðsynlegt að minna



starfsfólk reglulega á hann og skapa umræður. Til þess að hann gagnist sem best þurfa kennarar að þekkja tilgang Barnasáttmálans og vera meðvitaðir um að grípa tækifærið þegar þeir geta leyft börnum að hafa áhrif. Hægt er að nota Barnasáttmálann sem verkfæri til þess að skapa umræður milli kennara en einnig væri hægt að tengja þátttökustiga Harts (1992) og þátttökulíkan Lundy (2007) í umræðurnar. Þá væri hægt að skoða hvernig þátttaka barna í leikskólanum fellur undir þessi tvö líkön. Viðmælendur töluðu allir um að það væri á ábyrgð þeirra að standa vörð um réttindi barna og að kynna þeim hann. Ef kennarar þekkja sáttmálann og tilgang hans ætti það að þjálfa þau í að gefa sér tíma til að hlusta á börn og leyfa þeim að hafa áhrif. Með því að hlusta á börn, virða þeirra skoðanir og leyfa þeim að hafa áhrif er verið að efla raddir þeirra.

Seinni rannsóknarspurningin var *Hvers vegna er mikilvægt að börn læri snemma að nota rödd sína?* Niðurstöður rannsóknarinnar stangast ekki á við það fræðilega efni sem rætt var um hér áður. Viðmælendur ræddu um mikilvægi þess að hlusta á börn og efla raddir þeirra því það hefur jákvæð áhrif á þroska þeirra, samskipti milli kennara og barna verður betri og það ýtir undir sjálfstæði barna.

Samskipti milli barna og kennara verða betri þegar kennarar gefa sér tíma til að hlusta á viðhorf barna. Viðmælendur töluðu um að samskipti milli barna og kennara bötnuðu og virðing gagnvart börnum og þeirra tilfinningum varð meiri. Svipaðar niðurstöður komu fram í rannsókn Sebba og Robinson (2010) þar sem réttindaskólum í Englandi var fylgt eftir. Þar batnaði samband milli kennara og nemenda og einkenndist frekar af virðingu og skilning eftir að þeir innleiddu Barnasáttmálann í starfið. Þetta samræmist einnig því sem Dockett (2008) sagði um að þegar hlustað sé á börn sé verið að eiga samskipti sem byggjast á gagnkvæmri virðingu. Þau læra að taka ákvarðanir og þora frekar að tjá sig um sínar skoðanir ef þau gera ráð fyrir því að fyrir þeim sé borin virðing. Viðmælendur nefndu einnig að virðing milli barna jókst eftir að þau byrjuðu að ræða Barnasáttmálann. Ein af ástæðum fyrir því að ýta undir þátttöku barna samkvæmt Sinclair og Franklin (2000) er að lýðræðisvitund þeirra styrkist. Hægt er því að tengja þessar niðurstöður við lýðræðislega menntun en samkvæmt Dewey (1916) eru samskipti einstaklinga hluti af menntun þeirra. Samkvæmt honum læra börn um lýðræði og þátttöku með því að upplifa það í skólakerfinu. Það má því álykta að hægt sé tengja virðingu við það sama, að börn læra að bera virðingu fyrir hvert öðru og læra að þau eiga rétt á að borin sé virðing fyrir þeim, ef þau upplifa hana í umhverfi sínu.

Þegar kennarar fara að bera meiri virðingu fyrir skoðunum og tilfinningum barna verður traust þeirra á milli betra. Þetta nefndi að samskipti milli barna og starfsmanna hafi batnað verulega eftir að þau hættu að nota skammmarkróka og töluðu frekar við börnin. Nú leggja þau frekar áherslu á að styrkja traust kennara og barna, ræða frekar hlutina heldur en að reiðast. Þetta samræmist því sem Lundy (2007) sagði um mikilvægi þess að börn finni fyrir öryggi til

Þess að geta tjáð sig og hægt er að tengja þetta við þátttökulíkan hennar. Þar var einn þátturinn rými þar sem börn þurfa að vera í traustvekjandi umhverfi þar sem ýtt er undir þátttöku þeirra. Samkvæmt Betu er leikskólinn rými þar sem börn finna fyrir öryggi til þess að tjá sig. Einstaklingur sem er sendur í skammarkrök er ekki í rými þar sem hægt er að tjá sig og myndi því ekki passa vel inn í þátttökulíkan Lundy. Þetta líkist einnig niðurstöðum Martin o.fl. (2018) um traust milli barna og foreldra. Ef börn finna fyrir öryggi við að tjá sig þá eru þau líklegri til að þora að segja frá sínu sjónarmiði í ákvarðanatöku inná heimlinu. Clark o.fl. (2003) taka undir hjá Martin o.fl. og segja að ef börn læra að tjá sig getur það aukið öryggi þeirra því þau treysta því frekar að hlustað sé á þau.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að sjálfstraust barna styrkist þegar hlustað er á raddir þeirra. Viðmælendur minntust á að börn fara að þekkja mörkin sín og þau læra að segja nei, þau gera ráð fyrir því að það sé borin virðing fyrir þeirra skoðunum og þora því að láta í sér heyra. Þetta samsvarar því sem Clark o.fl. (2003) sögðu um að þegar fullorðnir hlusta á börn og leyfa þeim að hafa áhrif þá styrki það sjálfstraust barna og þá sérstaklega barna sem eiga í erfiðleikum með samskipti. Karen minntist á að þau fái sterkari einstaklinga sem viti hvað þeir vilja. Það rímar við rannsókn Söru og Svanborgar (2016) þar sem börn fengu að koma með hugmyndir að endurskipulagningu leikskólalóðar. Hlustað var á hugmyndir barnanna og í kjölfar þess virtust þau vera stolt af sér og fundu fyrir því að tekið var mark á hugmyndum þeirra. Þær telja að með því að hlusta á börn sé verið að ýta undir sköpunarfærni og efla sjálfstraust þeirra. Í rannsókn Guðrúnar og Baldurs (2013) kom einnig fram að börn sem fá að taka þátt í leikskólastarfi séu virkari í að taka ákvarðanir en börn sem fá ekki að taka þátt í leikskólastarfi. Þetta samræmist einnig niðurstöðum Sebba og Robinson (2010) þar sem börn urðu virkari í ákvarðanatöku innan skólasamfélagsins eftir að skóli þeirra varð réttindaskóli.

Samkvæmt niðurstöðum þessarar rannsóknar er Barnasáttmálinn hentugt verkfæri til þess að viðhalda þátttöku barna í leikskólum og efla raddir þeirra. Tekin voru viðtöl við leikskólakennara og beðið var um þeirra álit á þátttöku barna. Næsta skref væri að fá sjónarhorn barna á þátttöku þeirra en eins og fram hefur komið eru það einungis þau sem þekkja nákvæmlega sína upplifun. Eins og fram kom í rannsókn Önnu Magneu (2012) og rannsókn Sheridan og Pramling Samuelsson (2001) þá er upplifun barna á þátttöku sinni ekki alltaf í samræmi við það sem kennarar gera ráð fyrir. Það gæti verið að börn hafi áhrif en sjái það ekki eða að kennarar haldi að þeir séu að leyfa börnum að hafa áhrif en séu í raun ekki að gera það. Því er nauðsynlegt að fá álit barnanna sjálfra til þess að geta sagt til um hver raunveruleg þátttaka þeirra er í leikskólastarfi. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að það felst mikill ávinningur í því að hlusta á börn og leyfa þeim að hafa áhrif á ákvarðanir í sínu lífi.

Ég vona því innilega að fleiri leikskólar hér á landi fari að leggja áherslu á þátttöku barna í leikskólastarfinu til þess að efla raddir framtíðar samfélagsborgara landsins.

## Heimildaskrá

- Aðalnámskrá leikskóla 2011/2011.
- Anna Magnea Hreinsdóttir. (2012). „Hver hlustar?": Raddir barna og áhrif þeirra leikskólustarf. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Raddir barna* (bls. 75-98). Rannung og Háskólaútgáfan.
- Anna Magnea Hreinsdóttir. (2008). „Af því við erum börn“. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólustarfi* (bls. 49-71). Háskólaútgáfan og Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna.
- Arnstein, N. S. (1969). A ladder of citizen participation. *Journal of the American Institute of Planners*, 30(4), 216-224. <https://doi.org/10.1080/01944366908977225>
- Ágúst Ólafsson. (2020, 20. nóvember). Segja mikilvægt að öll börn í heiminum fái sama rétt [myndband]. RÚV. <https://www.ruv.is/frett/2020/11/20/segja-mikilvaegt-ad-oll-born-i-heiminum-fai-sama-rett>
- Barnalög nr. 76/2003.
- Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna. (e.d.). *Barnasáttmálinn á barnvænu máli*. Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna. [www.barnasattmali.is/is/fyrir-born/barnasattmalinn-a-barnvaenu-mali](http://www.barnasattmali.is/is/fyrir-born/barnasattmalinn-a-barnvaenu-mali)
- Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna. (e.d.). *Saga Barnasáttmálans – Fyrir fullorðna*. Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna. <https://www.barnasattmali.is/is/um-barnasattmalann/saga-barnasattmalans>
- Barnaverndarstofa. (2020). *Tölulegar upplýsingar frá barnaverndarnefndum 2019*. <https://www.bvs.is/media/almeningur/Tolulegar-upplýsingar-bvn-2019-lokaeintak.pdf>
- Beard, K. S. (2014). Theoretically speaking: An interview with Mihaly Csikszentmihalyi on flow theory development and its usefulness in addressing contemporary challenges in education. *Educational Psychology Review*, 27(2), 353-364. <https://doi.org/10.1007/s10648-014-9291-1>
- Bentley, K. A. (2006). Can there be any universal children's rights? *The International Journal of Human Rights*, 9(1), 107-123. <https://doi.org/10.1080/13642980500032370>
- Björg Guðlaugsdóttir. (2019). „Við sem uppaldur og samfélag stöndum ávallt frammi fyrir þeirri spurningu hvaða veganesti komi æskunni best“: Viðtal við Sigrúnu Aðalbarnardóttur. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 28(2), 95-109. <https://ojs.hi.is/tuuom/article/view/3053/1792>

- Carr, M. (2001). *Assessment in early childhood settings: Learning stories*. Sage Publications.
- Clark, A. (2006). Listening to and involving young children: A review of research and practice. *Early Child Development and Care*, 175(6), 489-505.  
<https://doi.org/10.1080/03004430500131288>
- Clark, A. og Moss, P. (2011). *Listening to young children: The mosaic approach*. Jessica Kingsley Publishers.
- Clark, A., McQuail, S. og Moss, P. (2003). *Exploring the field of listening to and consulting with young children*. Ministry of Education and Skills.  
<https://resourcecentre.savethechildren.net/node/1462/pdf/1462.pdf>
- Dewey, J. (1916). *Democracy and education: An introduction to the philosophy of education*. Macmillan.
- Dockett, S. (2008). Hlustað á raddir barna – Börn og rannsóknir. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólastarfi* (bls. 33-46). Háskólaútgáfan og Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna.
- Gordon, T. (1970). *Samskipti foreldra og barna: Að ala upp ábyrga æsku: Jákvæðar aðferðir sem miða að gagnkvæmum skilningi milli barna og uppalenda* (Ingi Karl Jóhannesson þýddi). Iðnú bókaútgáfa.
- Guðrún Alda Harðardóttir og Baldur Kristjánsson. (2013). Þátttaka barna í ákvarðanatöku í leikskólastarfi. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*.  
[https://netla.hi.is/serrit/2013/fagid\\_og\\_fraedin/003.pdf](https://netla.hi.is/serrit/2013/fagid_og_fraedin/003.pdf)
- Hart, R. A. (1992). *Children's participation: From tokenism to citizenship*. UNICEF International Child Development Centre. [https://www.unicef-irc.org/publications/pdf/childrens\\_participation.pdf](https://www.unicef-irc.org/publications/pdf/childrens_participation.pdf)
- Institute for Economics and Peace. (2020). *Global peace index 2020: Measuring peace in a complex world*. [https://www.visionofhumanity.org/wp-content/uploads/2020/10/GPI\\_2020\\_web.pdf](https://www.visionofhumanity.org/wp-content/uploads/2020/10/GPI_2020_web.pdf)
- Johansson, E. (2004). Learning encounters in preschool: Interaction between atmosphere, view of children and of learning. *International Journal of Early Childhood*, 36(2), 9-26.  
<https://doi.org/10.1007/bf03168197>
- Jóhanna Einarsdóttir. (2008). Viðhorf til barna og áhrif á leikskólastarf. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólastarfi* (bls. 17-29). Háskólaútgáfan og Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna.

- Knauf, H. (2019). Physical environments of early childhood education centres: Facilitating and inhibiting factors supporting children's participation. *International Journal of Early Education*, 51(1), 355-372. <https://doi.org/10.1007/s13158-019-00254-3>
- Lichtman, M. (2013). *Qualitative research in education: A user's guide* (3. útgáfa). Sage publications.
- Lundy, L. (2007). 'Voice' is not enough: Conceptualising article 12 of the United Nations convention on the rights of the child. *British Educational Research Journal*, 33(6), 927-942. <https://www.jstor.org/stable/30032800>
- Lundy, L. (2018). In defence of tokenism? Implementing children's right to participate in collective decision-making. *Childhood*, 25(3), 340-354. <https://doi.org/10.1177/0907568218777292>
- Lög um leikskóla nr. 90/2008.
- Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013.
- Martin, S., Forde, C., Horgan, D. og Mages, L. (2018). Decision-making by children and young people in the home: The nurture of trust, participation and independence. *Journal of Child and Family Studies*, 27(1), 198-210. <https://doi.org/10.1007/s10826-017-0879-1>
- Moss, P. (2007). Bringing politics into the nursery: Early childhood education as a democratic practice. *European Early Childhood Education Research Journal*, 15(1), 5-20. <https://doi.org/10.1080/13502930601046620>
- Flick, U. (2014). *An introduction to qualitative research* (5. útgáfa). Sage Publications.
- Sara M. Ólafsdóttir og Svanborg R. Jónsdóttir. (2016). Nýsköpunarment í leikskólastarfi: Hugmyndir barna um hönnun leikskólalóðar. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. <https://ojs.hi.is/netla/article/view/2388/1273>
- Sebba, J. og Robinson, C. (2010). Evaluation of UNICEF UK's rights respecting schools award. <https://www.unicef.dk/wp-content/uploads/2018/08/rrsaexecsummaryweb.pdf>
- Sheridan, S. (2009). Discerning pedagogical quality in preschool. *Scandinavian Journal of Educational Research*, 53(3), 245-261. <https://doi.org/10.1080/00313830902917295>
- Sheridan, S. og Pramling Samuelsson, I. (2001). Children's conceptions of participation and influence in pre-school: A perspective on pedagogical quality. *Contemporary Issues in Early Childhood*, 2(2), 169-194. <https://doi.org/10.2304/ciec.2001.2.2.4>
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2007). *Virðing og umhyggja: Ákall 21. aldar*. Heimskringla, háskólaforlag Máls og menningar.

- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2015). Ákall og áskoranir - Vegsemd og virðing í skólstarfi. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://netla.hi.is/greinar/2015/alm/005.pdf>
- Sinclair, R. og Franklin, A. (2000). *A quality protects research briefing: Young people's participation*. Department of Health, Research in Practice and Making Research Count.
- Sinclair, R. (2004). Participation in practice: Making it meaningful, effective and sustainable. *Children & Society*, 18(2), 106-118. <https://doi.org/10.1002/chi.817>
- Sinclair, R., Cronin, K., Lanyon, L., Stone, V. og Hulsj, A. (2002). *Aim high stay real: Outcomes for children and young people: The views of children, parents and professionals*. Children and Young People's Unit.
- Sylva, K., Melhuish, E., Sammons, P., Siraj-Blatchford, I. og Taggart, B. (2010). *Early childhood matters: Evidence from the effective pre-school and primary education project*. Taylor and Francis Group.  
<https://ebookcentral.proquest.com/lib/landsbokasafn/reader.action?docID=465301>
- Umboðsmaður barna. (2004). *Skýrsla umboðsmanns barna fyrir árið 2003*.  
<https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/2962/sub2003.pdf?sequence=1>
- UNICEF á Íslandi. (e.d.) *Fyrstu réttindaskólar á Íslandi*. UNICEF. <https://unicef.is/fyrstu-r%C3%A9ttindask%C3%B3lar-%C3%A1-%C3%ADslandi>
- UNICEF á Íslandi. (2013). *Réttindi barna á Íslandi: Ofbeldi og forvarnir*.  
[https://unicef.is/sites/unicef.is/files/atoms/files/unicef\\_rettindi\\_barna\\_ofbeldi\\_og\\_forvarnir\\_0.pdf](https://unicef.is/sites/unicef.is/files/atoms/files/unicef_rettindi_barna_ofbeldi_og_forvarnir_0.pdf)
- UNICEF á Íslandi. (2019). *Ársskýrsla 2019*.  
[https://unicef.is/sites/unicef.is/files/atoms/files/final\\_arsskyrsla\\_2019\\_web1\\_0.pdf](https://unicef.is/sites/unicef.is/files/atoms/files/final_arsskyrsla_2019_web1_0.pdf)
- United Nations. (2007). *Legislative history of the convention on the rights of the child (Volume 1)*.  
<https://www.ohchr.org/Documents/Publications/LegislativeHistorycrc1en.pdf>
- Wall, K., Cassidy, C., Robinson, C., Hall, E., Beaton M., Kanyal, M. og Mitra, D. (2019). Look who's talking: Factors for considering the facilitation of very young children's voices. *Journal of Early Childhood Research*, 17(4), 263-278.  
<https://doi.org/10.1177/1476718X19875767>
- Þórhildur Línadal (ritstjóri). (2007). *Barnasáttmálinn: Rit um samning sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins með vísun í íslenskt lagaumhverfi*. UNICEF